



SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

2018

Hörpu

15.-16. nóvember 2018

www.sjavarutvegsradstefnan.is



Sérþekking skilar árangri

Arion banki sérhæfir sig í lausnum fyrir sjávarútveginn hvort sem er á sviði fjármögnunar, gjaldmiðlalausna eða fyrirtækjaráðgjafar. Innan bankans starfar öflugt teymi sérfræðinga með mikla sérþekkingu í fjármálaþjónustu, fólk sem hefur viðtæka reynslu, m.a. úr sjávarútvegi. Í tilefni sjávarútvegsráðstefnunnar hefur starfsfólk bankans greint nokkur þeirra málefna sem brenna á sjávarútvegnum þessi misserin, farið yfir stöðuna og horft til framtíðar Niðurstöðurnar verða kynntar í sérstakri málstofu á ráðstefnunni þar sem einnig verða pallborðsumræður með aðilum úr greininni og atvinnulífinu.

Guðmundur S. Ragnarsson er forstöðumaður á fyrirtækjasviði Arion banka og fer fyrir sjávarútvegsteymi bankans, en fyrirtækjasvið sinnir fjármögnun stærri fyrirtækja. Sveinn Gíslason stýrir fyrirtækjaþjónustu á viðskiptabankasviði sem snýr að litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Þeir ræða hér þjónustu bankans og framtíðarsýn.

Þjónum stórum sem smáum

„Arion banki er með sterka stöðu þegar kemur að fjármögnun stórra og millistórra útgerðar- og sölufyrirtækja“ segir Guðmundur. „Við leggjum áherslu á að skilja vel starfsemi þeirra félaga sem við erum í samstarfi við og mæta þeirra þörfum, hvort sem þær snúa að fjármögnun, launaumsýslu, gjaldmiðlaskiptum eða eins og nú þegar vaxtaumhverfi erlendis er hagstætt þá hafa fyrirtæki í auknum mæli nýtt sér heimild til að festa vexti, svo fátt eitt sé nefnt.“ Sveinn bætir við að þeir stóru séu ekki þeir einu sem séu stórir. „Arion banki fjármagnar einnig mörg af stærstu fyrirtækjunum í krókakerfinu svokallaða, „litla kerfinu“. Þessi fyrirtæki eru okkur ekki síður mikilvæg og við leggjum ríka áherslu á að þjóna vel öllum litlu og meðalstóru félögunum víðsvegar um landið. Við viljum sækja enn frekar fram á þeim vettvangi.“



Guðmundur S. Ragnarsson
forstöðumaður á fyrirtækjasviði og
Sveinn Gíslason, sviðsstjóri fyrirtæk-
ja á viðskiptabankasviði.

Sigurður Elí Haraldsson, Halldór Ragnar Gíslason, Helga Sigurrós Valgeirsdóttir, Guðmundur S. Ragnarsson og Árni Örvar Danielsson. Starfsmenn fyrirtækjasviðs í sjávarútvegsmálum og hluti af stærri hópi sérfræðinga innan bankans sem starfa með greininni.



Í framhaldi af umræðu um smærri fyrirtækin er ekki úr vegi að nefna þá þróun sem átt hefur sér stað undanfarið sem einkennist af sameiningum félaga í sjávarútvegi. „Við höfum séð uppkaup á smærri félögum og nú nýlega stóra aðila kaupa hver í öðrum, sameinast í sölumálum og fleira í þeim dúr“, segir Guðmundur. Sveinn og Guðmundur eru sammála um að þeir kraftar sem stýri þessari þróun muni áfram knýja fram breytingar. Sveinn nefnir að bankinn hafi undanfarin ár tekið þátt í fjármögnun nýsmíði skipa og fjárfestingu í landvinnslu. En þar sé um að ræða framkvæmdir sem feli í sér aukna sjálfvirkni og hagræðingu. „Nú er í auknum mæli horft til þess hvernig bankinn geti tekið þátt í og stutt við þessar eignarhaldsbreytingar sem eru að eiga sér stað og munu óhjákvæmilega halda áfram. Við viljum vera þátttakendur í þessum breytingum, erum tilbúin og spennt fyrir að horfa til framtíðar með sjávarútveginum og leggja okkar af mörkum með ráðgjöf og fjármögnun,“ segir Sveinn og bætir við að auk þess að vera líkleg til að leiða til aukinnar hagkvæmni og arðsemi þá megi ætla að þessi þróun leiði til þess að sóun minnki, gæði hráefnis og afurða aukist og nýting náttúruauðlindarinnar verði hagkvæmari.

Alþjóðleg atvinnugrein

Þeir kollegar sjá fyrir sér að fleiri stærri og sterkari félög, eins og við erum að sjá nú, séu líkleg til að verða öflug á alþjóðlegum markaði. Yfir 90% af afurðum í sjávarútvegi eru flutt út, útveginum hefur fylgt mikil tækniþróun og hugvit sem einnig hefur þróast í útflutningsvöru. Íslenskur sjávarútvegur er alþjóðleg atvinnugrein og eðlilegt að fyrirtækin þróist frekar í þá átt. „Við hjá Arion banka erum vel í stakk búin að fylgja þeim fyrirtækjum sem stefna á alþjóðlega markaði eftir. Við viljum styðja við íslensku félögin erlendis en höfum jafnframt tekið varfærin skref í fjármögnun erlendra aðila og erum í auknum mæli í samstarfi við banka á Norðurlöndunum. Sú þekking sem er til staðar í fjármögnun sjávarútvegsfyrirtækja og skilningur á eðli greinarinnar er það sem erlend fyrirtæki sækjast helst eftir hjá okkur,“ segir Guðmundur, og bætir við að hjá erlendum bönkum sé sjávarútvegur gjarnan algjör hliðarbúgrein. „Það hefur engu að síður reynst okkur vel að vera í samstarfi við „lókál“ banka í erlendum fjárveitingum. Við komum að borðinu með okkar þekkingu á greininni en leitum til samstarfsbanka eða í sambankasamninga þar sem þeir aðilar hafa reynslu af viðkomandi markaði, lagaumhverfi og þess háttar. Þannig leitumst við við að bjóða þjónustu á breiðari grundvelli en lágmarka áhættu um leið. Ég myndi vilja sjá fleiri íslensk sjávarútvegsfyrirtæki í fjárfestingum erlendis“, segir Guðmundur. „Áhersla forsvarsmanna félaganna hefur undanfarin ár verið að stækka og styrkja innlenda stöðu og fjárfesta í skipum og búnaði, en ég hef trú á að þetta sé að fara að breytast og að stigin verði skref í frekari fjárfestingum erlendis. Við

sjáum þetta vera að gerast nú þegar“, bætir Sveinn við. „Þetta er byrjað í markaðsstarfinu og þar er ánægjulegt að sjá að ekkert er gefið eftir í kröfum um gæði og ferskleika hráefnis sem kemur frá Íslandi og skrefin er varfærin, sem er mikilvægt.“

Spurðir út í erlenda fjárfestingu á Íslandi segjast þeir ekki verða varir við hana í útvegsfyrirtækjunum enda í gildi regluverk sem takmarkar eignarhald erlendra aðila á kvóta. Aftur á móti koma erlendir aðilar við sögu í sölufyrirtækjunum og hafa verið mikilvægir fjárfestar þar, sem og í fiskeldi. Guðmundur nefnir að bankinn hafi stutt við uppbyggingu fiskeldisfyrirtækja með því að leggja þeim til fjármögnun og það hafi vakið sérstaka athygli hans að nær öll fjárfesting tengd fiskeldi komi að utan. „Eldið er mjög fjárfrekt á uppbyggingartímanum og ég átti allt eins von á að sjá fleiri íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eða íslenska fjárfesta taka þátt í þeirri uppbyggingu. En fjármagnið hefur að langmestu leyti komið erlendis frá og þá frá stórum norskum aðilum með mikla reynslu af fiskeldi. Það er að vissu leyti jákvætt fyrir þekkingaruppbygginguna hérna heima en um leið veltir maður fyrir sér hvort innlenda fjárfestingin ætti að vera meiri. Vonir standa til að fiskeldi á Íslandi verði arðsamt og arðurinn leitar þá eðli máls samkvæmt til fjármagnseigenda. Hún er auðvitað nokkuð viðkvæm, umræðan sem á sér stað um fiskeldi, réttmæti þess, eignarhald og fjármögnun. En við höfum lagt áherslu á að stjórnvöld sinni eftirliti og móti rammann sem starfað er innan, við vinnum svo með félögum sem starfa innan þess ramma,“ segir Guðmundur.

Nýsköpun og stafrænar lausnir

Spurðir að því hvað það sé sem bankinn hafi að bjóða umfram aðra og ekki hefur þegar verið komið inn á nefna þeir að Arion banki hefur lagt mikla áherslu á uppbyggingu fyrirtækjanetbanka og þróun stafrænna lausna með það að markmiði að létta stjórnendum umsýsluna í kringum rekstur og fjármögnun félaga sinna. Sveinn segir bankann hafa náð merkjanlegum árangri á þessu sviði. „Það er einnig metnaðarmál innan bankans að styðja við þróun sprotafyrirtækja og í tengslum við Startup Reykjavík, nýsköpunarhraðal bankans, hefur meðal annars þróast verkefni í tengslum við sölu á íslenskum fiski í gegnum netið. Það mætti þó vera meira af sjávarútvegstengdum umsóknum í Startup Reykjavík, en það verði einnig að horfa til þess að sú þróun á sér að miklu leyti stað innan fyrirtækjanna, án stuðnings. Það er einmitt það sem er svo frábært við íslenskan sjávarútveg, hann er drifinn áfram af miklu rekstrarfólki, lagar sig að aðstæðum hverju sinni, ýtir undir þróun hugvits og gegnir lykilhlutverki í íslensku efnahagslífi,“ segir Sveinn með bros á vör.



Formáli

Sjávarútvegsráðstefnan 2018 verður haldin í Hörpu dagana 15. - 16. nóvember. Á ráðstefnunni er fjallað um mikilvæg viðfangsefni á sviði sjávarútvegs. Einnig er þetta mikilvægur vettvangur þar sem menn hittast, styrkja sambönd og samstarf í greininni.

Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar
Í stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar sitja átta manns sem allir hafa það hlutverk að skipuleggja eina málstofu á ráðustefnunni. Í stjórn sitja nú: Helga Franklínisdóttir formaður, Axel Helgason, Bjarni Eiríksson, Daði Már Kristófersson, Gísli Kristjánsson, Jón Þrándur Stefánsson, Margrét Geirsdóttir og Sturlaugur Sturlaugsson. Stjórnarsetan er sjálfboðaliðastarf og hafa tæplega 40 manns setið í stjórn félagsins síðustu 9 ár. Þeirra framlag verður seint þakkað. Á hverju ári er skipt um helming stjórnar en það er gert á aðalfundi sem fer fram í lok ráðstefnunnar, föstudaginn 16. nóvem-

ber. Ef þú hefur hugmyndir um mikilvæg málefni tengd sjávarútvegi þá er kjörið tækifæri að gefa kost á sér í stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Sjávarútvegsráðstefnan 2018
Á þeim átta Sjávarútvegsráðstefnum sem nú er búið að halda hafa verið mjög fjölbreytt efnistök sem endurspeglar vel atvinnugreinina í heild sinni. Áhugi fyrir ráðstefnunni hefur vaxið ár frá ári enda mikilvægur vettvangur fyrir alla þá sem koma að eða starfa í sjávarútvegi. Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2018 eru 17 málstofur og flutt verða yfir 85 erindi. Í þessu kynningarblaði má finna lýsingu á hverri málstofu þar sem málstofustjóri segir í stuttu máli frá innihaldi málstofunnar. Á opnu kynningarblaðsins má einnig sjá yfirlit yfir dagsskrá með heiti málstofa,



lýsingu erinda og nafn fyrirlesara.
Nemendaviðburðir
Nú hefur verið ákveðið að vera með sérstakan vettvang fyrir nemendur á Sjávarútvegsráðstefnunni, til þess voru fengnir sérstakir styrkir. Á ráðstefnunni 2018 verður sérstök nemendamálstofa og hraðstefnumót þar sem aðilar úr sjávarútveginum koma og segja frá reynslu og menntum ásamt því að miðla frá sér gagnlegum upplýsingum til nema. Nema fá einnig tækifæri til að ræða við forsvarsmenn í sjávarútveginum.

Ný ásynd
Á þessu ári hefur verið farið út í að bæta ásynd Sjávarútvegsráðstefnunnar og þá vinnu hafa hönnuðir hjá Hvíta húsinu unnið. Reynt hefur verið að samræma útlit kynningarefnis og er stefnt að því að hver ráðstefna hafi sérstaka ásynd

sem nær yfir auglýsingar, samfélagsmiðla, kynningarefni, vefsíðu o.fl.
Aðalstyrktaraðilar – Kjölfestan í fjármögnun
Styrktaraðilar hafa gefið okkur kost á að halda ráðstefnugjöldum í hófi og kemur stærsta framlag frá aðalstyrktaraðilum. Arion banki, Eimskip, Wise, Icelandair cargo, Tryggingarmiðstöðin, Oddi prentun og umbúðir, Sæplast/Tempra, HB Grandi, AVS sjóðurinn og Vinnslustöðin eru aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018. Einnig er fjöldi annarra styrktaraðila og má finna yfirlit yfir þá á vefsíðu ráðstefnunnar. Sjávarútvegsráðstefnan þakkar þeirra framlag.
Að lokum vill ég þakka styrktaraðilum, málstofustjórum og fyrirlesurum fyrir ykkar framlag til Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018. Ég hlakka til að sjá ykkur í Hörpu dagana 15.-16. nóvember.

Helga Franklínisdóttir, formaður
Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar 2017/2018. Aftari röð frá vinstri: Bjarni Eiríksson, Axel Helgason, Daði Már Kristófersson og Gísli Kristjánsson. Fremri röð frá vinstri: Helga Franklínisdóttir, formaður, Margrét Geirsdóttir, Jón Þrándur Stefánsson og Sturlaugur Sturlaugsson.

Núverandi og fyrrverandi stjórnarmenn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf.

Eftirtaldir aðilar sitja nú í stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar:


- Axel Helgason
- Daði Már Kristófersson
- Bjarni Eiríksson
- Gísli Kristjánsson
- Helga Franklínisdóttir, formaður
- Jón Þrándur Stefánsson
- Margrét Geirsdóttir
- Sturlaugur Sturlaugsson

Fyrrverandi stjórnarmenn:

- Svavar Svavarsson, 18. febrúar-7. september 2010
- Guðbrandur Sigurðsson, 18. febrúar 2010 til 14. október 2011 og 22. nóvember 2013 til 20. nóvember 2015
- Halldór Ármannsson, 18. febrúar 2010 – 14. október 2011
- Halldór Þórarinnsson, 18. febrúar 2010 – 14. október 2011
- Sjöfn Sigurgísladóttir, 18. febrúar 2010 – 14. október 2011
- Hjörtur Gíslason, 18. febrúar 2010 til 9. nóvember 2012
- Finnbogi Alfreðsson, 14. október 2011 til 9. nóvember 2012
- Kristján Hjaltason, 7. september 2010 til 9. nóvember 2012
- Anna Kristín Daniélsdóttir, 14. október 2011 til 22. nóvember 2013
- Inga Jóna Friðgeirsdóttir, 14. október 2011 til 22. nóvember 2013
- Lúðvík Börkur Jónsson, 14. október 2011 til 22. nóvember 2013
- Erla Kristinsdóttir, 9 nóvember 2012 til 21. nóvember 2014
- Gísli Gíslason, 9 nóvember 2012 til 21. nóvember 2014
- Grímur Valdimarsson, 9 nóvember 2012 til 21. nóvember 2014
- Bylgja Hauksdóttir, 22. nóvember 2013 til 20. nóvember 2015
- Rannveig Björnsdóttir, 22. nóvember 2013 til 20. nóvember 2015
- Alda Gylfadóttir, 21. nóvember 2015 til 25. nóvember 2016
- Björn Brimar Hákonarson, 21. nóvember 2014 til 25. nóvember 2016
- Sara Lind Þrúðardóttir, 21. nóvember 2014 til 25. nóvember 2016
- Mikael Tal Grétarsson, 20. nóvember 2015 til 25. nóvember 2016
- Jóhann Vignir Gunnarsson, 25. nóvember 2016 til 17. nóvember 2017
- Hrefna Karlsdóttir, 20. nóvember 2015 til 17. nóvember 2017
- Sigrún Mjöll Halldórsdóttir, 20. nóvember 2015 til 17. nóvember 2017
- Sverrir Guðmundsson, 20. nóvember 2015 til 17. nóvember 2017



Útgefandi: Sjávarútvegsráðstefnan ehf.
Umsjón með útgáfu: Valdimar Ingi Gunnarsson
Uppsetning: Myllusetur
Hönnun forsiðu: Hvíta húsið
Prentun: Landsprent



wisefish
sjávarútvegslausrir

Fullbúin sjávarútvegslausrir í áskrift Microsoft Dynamics NAV

Wise er leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg
með WiseFish í fararbroddi sem er vottað af Microsoft.

Þú færð sjávarútvegslausrir
í áskrift á **navaskrift.is**

kr. **24.900** pr. mán.
án vsk.

Bjóðum einnig **Office 365** í áskrift.

 **Office 365**

Starfsfólk Wise tekur vel á móti þér á Sjávarútvegsráðstefnunni
þar sem það kynnrir nýjustu strauma og stefnur í NAV sérlausnum
fyrir sjávarútveginn.



wise

Sjávarútvegsráðstefnan

valdimar@sjavarutvegur.is

Sjávarútvegsráðstefnan er fyrir alla! Markmið Sjávarútvegsráðstefnunnar er að ná saman á einum stað þversneið af greininni til að vinna að framförum og sókn. Sjávarútvegsráðstefnan er vettvangur þar sem menn hittast, styrkja sambönd og samstarf í greininni. Á ráðstefnunni er fjallað um mikilvæg viðfangsefni á sviði sjávarútvegs og vonast er að hún verði uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka.

Hlutverk

Sjávarútvegsráðstefnan er ekki hagsmunasamtök einstakra hópa og vinnur ekki að hagsmunagæslu. Hlutverk félagsins er að halda árlega sjávarútvegsráðstefnu og er tilgangur hennar að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg og vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi.

Byggjum á breiddinni

Við byggjum á breiddinni, en rúmlega 290 manns hafa haldið erindi á Sjávarútvegsráðstefnunum 2010-2017. Rúmlega 80% hafa

aðeins einu sinni haldið erindi og fram hefur komið hjá ráðstefnugestum að mikið væri um flotta fyrirlesara. Hlutfall kvenna sem fyrirlesarar hefur verið að aukast á síðustu árum og jafnframt ungt fólk að verða meira áberandi.

Fjölbreytt efnistaka

Á þeim átta Sjávarútvegsráðstefnum sem nú er búið að halda hafa verið mjög fjölbreytt efnistök sem endurspeгла vel atvinnugreinina í heild sinni. Málstofur sem búið er að halda eru orðnar rúmlega 80 og haldin hafa verið um 370 erindi. Á töflunni er yfirlit yfir heiti allra málstofa sem haldnar hafa verið á Sjávarútvegsráðstefnunum 2010-2017 gróflega flokkað eftir efnisflokkum. Fram að þessu hafa málstofur innan markaðsmál verið mest áberandi á Sjávarútvegsráðstefnunum, enda erlendir markaðir forsenda þess að hægt hefur verið að byggja upp öflugan sjávarútveg á Íslandi.

Framtíðar viðskiptavinir

Þeir sem eru í námi, sérstaklega sjávarútvegstengdu námi, eru framtíðar viðskiptavinir Sjávarútvegsráðstefnunnar á næstu áratugum. Ákveðnum fjölda nema

hefur árlega verið boðið á ráðstefnuna og í staðinn hafa sumir þeirra verið með vinnuframlag. Aðrir nemendur hafa fengið verulegan afslátt á ráðstefnugjöldum. Á árunum 2015-2017 sóttu að meðaltali 50-60 nemar ráðstefnuna og hefur Sjávarútvegsráðstefnan því styrkt nemendur um nokkur hundruð þúsund krónur á hverju ári.

Næsta skref

Nú hefur verið ákveðið að taka næsta skref með því að vera með sérstakan vettvang fyrir nemendur á Sjávarútvegsráðstefnunni og fá til þess sérstaka styrki. AVS sjóðurinn hefur lagt til fjármagn við skipulagningu á vettvanginum. Sjávarútvegsráðstefnan hefur unnið með menntastofnunum og atvinnugreininni við skipulagningu á nemendaviðburðum fyrir þessa ráðstefnu og hugmyndir um efnistök á næstu ráðstefnum. Vinnslustöðin styrkir nemendavettvang Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018 sem gefur okkur kost á að bjóða nemendum á ráðstefnuna. Í framhaldinu er stefnt að því að fá árlega styrktaraðila úr atvinnugreininni til að fjármagna nemendavettvanginn eins og þekkist erlendis fyrir svipaða viðburði.

Nemendavettvangur

Það eru margar hugmyndir um nemendaviðburði, en á Sjávarútvegsráðstefnunni 2018 hefur verið ákveðið að hafa sérstaka nemendamálstofu og hraðstefnumót. Á nemendamálstofunni verða aðilar úr sjávarútveginum sem segja frá sinni menntun og reynslu og miðla gagnlegum upplýsingum til nema. Á hraðstefnumótinu verður nemum skipt í litla hópa og þeim gefinn kostur að eiga samtál við forsvarsmenn í sjávarútveginum.

Tækifæri fyrir þjónustufyrirtæki

Önnur nýjung á Sjávarútvegsráðstefnunni 2018 eru kostaðar kynningar. Hér er markmiðið að gefa þjónustuaðilum sjávarútvegs möguleika á að kynna vöru og þjónustu sem fyrirhugað er að markaðssetja eða er nýlega byrjað að selja. Það er von okkar að keyptar kynningar á Sjávarútvegsráðstefnunni verði árlegur viðburður hjá þjónustufyrirtækjum í sjávarútvegi við kynningu nýjunga.

Vantar fleiri styrktaraðila

Yfirlit yfir aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018

er að finna á forsiðu Kynningarblaðsins.

Einnig er fjöldi annarra styrktaraðila og er yfirlit yfir þá er m.a. að finna á vef ráðstefnunnar. Styrktaraðilum er þakkað þeirra framlag sem er forsenda þess að hægt er að halda ráðstefnuna. Okkar vantar ennþá fleiri styrktaraðila og bjóðum þeim bás, auglýsingu í ráðstefnuhefti, boðsmíða, keypt erindi og fleira. Áhugasamir hafið samband við valdimar@sjavarutvegur.is eða í síma 6952269.

Skráning

Sjávarútvegsráðstefnan 2018 verður haldin 15.-16. nóvember í Hörpu. Skráning á netinu er nú hafin á vef ráðstefnunnar; <http://sjavarutvegsradstefnan.is/> CP Reykjavík sér um skráningu, mótöku og þjónustu á ráðstefnustað.

Upplýsingamiðlun

Öll erindi og Ráðstefnuhefti Sjávarútvegsráðstefnunnar fyrir árin 2010-2017 ásamt Kynningarblaði Sjávarútvegsráðstefnunnar er hægt að sækja á vef ráðstefnunnar á slóðinni Fyrri ráðstefnur: <http://sjavarutvegsradstefnan.is/fyrri-radstefnur/>

Yfirlit yfir málstofur sem haldnar hafa verið á Sjávarútvegsráðstefnunum 2010-2017

Ár	Yfirlit (upphafsmálstofa)	Veiðar	Vinnsla	Markaður	Blönduð	Annað
2010	Íslenskur sjávarútvegur. Samantekt og umræður.			Markaðsmál og vöruþróun. Vörumerkið Ísland. Umhverfismerkingar.	Tækifæri til verðmætasköpunar.	Ferðaþjónusta og sjávarútvegur.
2011	Íslenskur sjávarútvegur. Sjávarklasinn á Íslandi. Samantekt, pallborðsumræður og verðlaunaafhending.	Sóknarfæri í veiðitækni.	Vöruþróun	Markaðstækifæri í Evrópu. Markaðssvæði framtíðarinnar. Evrópusambandið og íslenskur sjávarútvegur.	Tækifæri erlendis.	Sjávarútvegur og fjölmiðlar.
2012	Íslenskur sjávarútvegur.	Allt hráefni á land?	Er framtíð í fullvinnslu á Íslandi?	Eiga Íslendingar að vera með sameiginlegt markaðsstarf? Heimsframboð helstu botnfisktegunda. Framboð og eftirspurn uppsjávarfiska í N-Atlantshafi. Opportunities for the seafood industry of Iceland in the EU, now or as member.		Framtíðartækifæri í fiskeldi.
2013	Íslenskur sjávarútvegur.	Hvalveiðar og ferðaþjónusta, samkeppni eða samherjar? Deilistofnar = Deilustofnar?	Eru tegundafalsanir og efnanotkun vandamál í íslenskri fiskvinnslu? Þróun í vinnslutækni.	Flutningur á ferskum fiski. Heimsframboð samkeppnistegunda botnfiska. Umhverfis- og upprunamerki, samkeppni eða samherjar? Sameiginlegt markaðsstarf.		Hvernig eru helstu stofnanir sjávarútvegsins að þjóna greininni? Sjávarlíftækni – Hvað er í hendi?
2014	Íslenskur sjávarútvegur.	Eitt, tvö eða fleiri fiskveiðistjórnkerfi? Hvað er sanngjarnt auðlindagjald?	Nýsköpun í kæli- og frystitækni. Vinnsla á sjó eða vinnsla í landi?	Markaðir til framtíðar.	Uppsjávarfiskur – Þögla byltingin. Tækifæri til nýsköpunar í sjávarútvegi.	Eru fjárfestingartækifæri í sjávarútvegi? Sjávarútvegur og menntun.
2015	Íslenskur sjávarútvegur 2015.	Lengi býr að fyrstu gerð – Frá veiðum til vinnslu. Togveiðar – Áskoranir til framtíðar.		Ný nálgun við markaðssetningu íslenskra sjávarafurða. Eru tækifæri fyrir Íslendinga í umhverfismálum? Ferskfiskflutningar og markaðir. Sameiginleg markaðssetning.		Hvaða tækifæri sjá erlendir aðilar í íslensku fiskeldi? Sjávarútvegur og samfélagsábyrgð. Af hverju eru ekki fleiri konur í stjórnunarstöðum í sjávarútvegi?
2016	Íslenskur sjávarútvegur og utanríkismál.	Tækniþýðingar við fiskveiðar og fiskleit. Orkunotkun og orkusparnaður við veiðar og siglingu. „Fiskifræði sjómannsins“ og Hafró.	Sögur af þróun í sjávarútvegi á Ísland. Fullnýting í verðmætar afurðir. Þróun og framtíðarhorfur í bolífiskvinnslutækni.	Sala og dreifing á íslenskum fiski á HOREC Vottun og áhrif á sölu íslenskra sjávarafurða. Þróun í olíuverði – ógnir og tækifæri í okkar viðskiptalöndum. Staða og tækifæri á bolífiskmörkuðum.	Aukin verðmætasköpun í uppsjávarfiski og grænu skrefin.	Laxeldi á Íslandi í alþjóðlegri samkeppni Staða – Framtíðarsýn – Stefna.
2017	Er hægt að fimmfalda útflutningsverðmæti bláa hagkerfisins?	Öryggismál sjómanna. Fiskveiðistjórnkerfi og veiðigjöld annarra þjóða.	Þróun og framtíðarsýn í gæðamálum. Umbúðir og áhrif þeirra á umhverfið.	Kröfur kaupenda um upplýsingar – Erum við að gera nóg? Tækifæri og áskoranir á mörkuðum.	Framtíð ferskfiskvinnslu. Fjórða iðnbyltingin – Sjávarútvegur.	Mikilvægi rannsókna og nýsköpunar fyrir sjávarútvegin. Upplýsingatækni í sjávarútvegi. Hugverkaréttur í sjávarútvegi – Af hverju að verja hugverk? Hugverkaréttur í sjávarútvegi – Hvernig skal verja hugverk? Menntun í sjávarútvegi.



SPRIKLANDI FERSKUR ALLA LEIÐ

Flutningar með skipum eru hagkvæmur valkostur þegar kemur að flutningi á ferskum fiskafurðum. Eimskip kemur sendingum á Evrópumarkað á 3-4 dögum og til N-Ameríku með tengingu við flug á 6-7 dögum og Asíu með tengingu við flug á 7-8 dögum.

Líttu við á eimskip.is eða hafðu samband og við förum yfir möguleikana með þér.



Framtíð smábátaútgerðar á Íslandi



Umsjónarmaður:
Axel Helgason
Formaður
Landssambands smábátaeigenda

Smábátaútgerð á undir högg að sækja og sífellt fækkar bátum sem hafa yfir að ráða aflaheimildum og gera út á ársgrundvelli. Samhliða fækkar einstaklingsútgerðum þar sem eigandinn er skipstjóri og útgerðarmaður. Launþegar sem ekki eru eigendur, né aðilar að útgerð bátsins, eru um borð og þannig hefur útgerðarform stærri skipa færst niður á smábáta í auknu mæli. Þróunin hefur leitt til þess að veiðiheimildir eru gjarnan á forræði fyrirtækja sem gera út tvo eða fleiri báta á ársgrundvelli og til hefur orðið floti smábáta sem háður er leigukvóta, sértækum aðgerðum og sérveiðileyfum.

Fiskistofa hefur ákveðnu hlutverki að gegna í að taka saman og miðla upplýsingum um þær breytingar sem eiga sér stað í eignarhaldi á aflaheimildum. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar þeim sem móta lög og reglur sem við vinnum eftir. Samþjöppun aflaheimilda er einn af þeim þáttum sem mest hafa haft áhrif til fækkunar á bátum sem gera út



Smábátar í höfninni í Bolungarvík.

í krókaafلامarki. Hverjir eru að kaupa þessar aflaheimildir og hvaða afleiðingar hefur það fyrir t.d. framboð á fiskmörkuðum ef það er að mestu leyti fyrirtæki sem einnig eru með fiskvinnslu sem kaupa upp krókaafلامarkið, sem er hátt hlutfall þess framboðs sem hefur verið á fiskmörkuðunum undanfarin ár.

Fiskistofa sér einnig um eftirlit samhliða því sem hún veitir upplýsingar um einstaka þætti fiskveiðistjórnunar. Lögð er áhersla á að hafa sem mesta gegnsæi varðandi niðurstöðu

mála, þar sem greint er frá hvaða brot eru framin og hverjir áttu í hlut. Segja má að Fiskistofa skeri sig þannig frá öðrum stofnunum ríkis og sveitarfélaga þar sem viðkvæðið er „við tjáum okkur ekki um einstök mál“.

Á Grænlandi er smábátaútgerð mikilvæg fyrir hina dreifðu byggðir jafnt og hér á landi. Veiðikerfi er þar ólíkt og eftirlit með öðrum hætti en á Íslandi. Veiðiheimildir takmarka ekki fjölda báta þannig að efling útgerðarinnar felst fremur í fjölda báta en aukinni veiðigetu

þeirra sem fyrir eru.

Samanburður á smábátaútgerð þessara tveggja þjóða er áhugaverður út frá fjölmörgum sjónarhornum, s.s. eftirliti, fjölda báta og afkastagetu, verði veiðiheimilda og afla, reglum sem gilda um veiðarnar og stærð báta.

Kröfur um að aðilar sem nýta auðlind þjóðarinnar greiði afgjald hafa leitt til laga um veiðigjald. Í núverandi fyrirkomulagi er gjaldið fyrir aðgang að auðlindinni afkomutengt og því er rétt að velta fyrir sér hvort eðlilegt sé að afkoma ólíkra

Hverjir eru að kaupa þessar aflaheimildir og hvaða afleiðingar hefur það fyrir t.d. framboð á fiskmörkuðum ef það er að mestu leyti fyrirtæki sem einnig eru með fiskvinnslu...

útgerðarflokka sé sett saman í einn pott, sem er síðan deilt jafnt niður á alla.

Samþjöppun krókaafلامlutdeildar og fækkun krókaafلامarbsáta hefur leitt til þess að lægra hlutfall þorsks hefur skilað sér inn á fiskmarkaði. Strandveiðar hafa dregið úr áhrifum þessa þar sem megnið af þeim afla er veiddur yfir sumarið þegar stærri bátar hægja á sókn og er boðinn upp.

Aðilar velta fyrir sér framtíðarmöguleikum fiskvinnsla sem háðar eru hráefni frá fiskmörkuðum.

Vaxandi eftirspurn er eftir fiski frá smábátum og fer markaður fyrir hann stækkaði. Kröfur þessara markaða eru miklar og kostnaðarsamar, sem oft getur reynst erfitt að ná til baka með hærra verði.

Farsæll rekstur í Sjávarútvegi



Umsjónarmaður:
Sturlaugur Sturlaugsson,
Sjálfstæður ráðgjafi

Í málstofunni tekst vonandi að gefa yfirlit yfir stöðu sjávarútvegs, þróun og áskoranir framtíðarinnar. Segja sögu sem hægt er að læra af m.a. til að tryggja farsælan rekstur íslensks sjávarútvegs til lengri tíma.

Það er í okkar höndum hvernig við nýtum auðlindir hafsins til að skapa verðmæti fyrir þjóðina. Þar hefur okkur



Höfrungur III AK 250 árið 1964, fyrsta fiskiskip í heimi búið hliðarskrúfum. Höfrungur III var jafnframt fyrsta fiskiskip íslenska flotans til þess að taka loðnudælu í notkun. Skipstjóri var Garðar Finnsson og skipið var í eigu Haraldar Böðvarssonar hf. á Akranesi.

tekist vel til og á heimsvísu er íslenskur sjávarútvegur talinn vera fyrirmynd annarra m.t.t. stjórnunar, tækni, afurðaverð-

mæta, gæða og fleiri þátta. Þeir sem hafa komið að uppbyggingu á íslenskum sjávarútvegi á síðustu áratugum geta

því verið stoltir af því hvernig til hefur tekist.

Fjölmíðlaumfjöllun um sjávarútvegsmál hefur oft á tímum verið mjög neikvæð og ekki alltaf sanngjörn. Það er því mikilvægt fyrir sjávarútvegin að draga fram það sem vel er gert og vera góð fyrirmynd til að efla enn frekar ímynd greinarinnar ekki bara innanlands heldur á heimsvísu. Áskoranirnar eru þær m.a. að ná sátt um ráðstöfun auðlinda og gjaldtöku. Mikilvægt er að sjávarútvegurinn starfi í sátt við samfélagið og umhverfið.

Sjávarútvegur er mikilvægur fyrir landsbyggðina og farsæll rekstur greinarinnar því ein megin forsenda þess að byggðir landsins nái að blómstra. Íslenskur sjávarútvegur nýtur þeirrar sérstöðu á heimsvísu að vera ekki ríkisstyrktur.

Samvinna öflugra sjávarútvegsfyrirtækja og íslenskra

tækifyrirtækja hefur styrkt samkeppnishæfni fyrirtækjanna.

Íslendingar hafa verið framarlega í framleiðslu-/ sölu- og markaðsmálum. Mikilvægt er að þekkja þarfir viðskiptavinarins og hafa hugvit og getu til að verða við kröfum hans. Samkeppnin um viðskiptamanninn verður alltaf hörð.

Rannsókn- og þróunarstarf undanfarinna ára hefur aukið verðmæti íslensks sjávarfangs og samkeppnishæfni greinarinnar. Ein aðal forsenda þessa eru aukin gæði hráefnis og þar hefur rannsókn- og þróunarstarf á síðustu áratugum lagt sitt að mörkum.

Mesta áskorunin er e.t.v. að finna rétta hvatann á meðal hagsmunaaðila sem mótar starfsumhverfi greinarinnar til að tryggja farsælan rekstur sjávarútvegsins til lengri tíma í takt við markaðsöfl heimsins.

KRAFA UM FERSKLEIKA

Tíminn skiptir höfuðmáli í fraktflutningi, hvort sem verið er að flytja vörur inn til landsins eða koma afurðum á erlendan markað.

Það getur skilið á milli hagnaðar og taps hversu lengi varan er á leiðinni. Þá er gott að eiga samstarf við öflugt fyrirtæki á sviði flugfraktar til og frá Íslandi.

Við hjá Icelandair Cargo þjónum íslenskum inn- og útflytjendum á hverjum einasta degi til og frá Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu.

Því tíminn flýgur
www.timinnflygur.is

ICELANDAIR
CARGO 

Yfirlit yfir dagskrá Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018

FIMMTUDAGUR 15. NÓVEMBER

- 08:30 Afhending gagna
- 09:00 Hraðstefnumót - Samtal forsvarsmanna í sjávarútvegi og nema
Silfurberg
- 10:00 Hlé
- 10:15 Farsæll rekstur í sjávarútvegi
Opnunarmálstofa í Silfurbergi
- 12:00 Veitingar í Flóa, 1. hæð
- 13:00 Framtíð smábátaútgerðar á Íslandi
Málstofa A1 í Silfurbergi A
- Hönnun og starfsumhverfi í fiskvinnslu
Málstofa B1 í Silfurbergi B
- Markaðspróun: Stóra myndin
Málstofa C1 í Norðurljósi
- 14:45 Veitingar í Flóa, 1. hæð
- 15:15 Umhverfismál sjávarútvegsins
Málstofa A2 í Silfurbergi A
- Vottanir - markaðsaðgangur eða markaðshindranir?
Málstofa B2 í Silfurbergi B
- Greining á íslenskum sjávarútvegi
Málstofa C2 í Norðurljósi
- 17:00 Móttaka í boði Arion banka
- Skipulagt af stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar.
- Skipulagt af utanaðkomandi aðilum í samráði við Sjávarútvegsráðstefnuna.
- Túlkun úr íslensku í ensku og úr ensku í íslensku.

FÖSTUDAGUR 16. NÓVEMBER

- 08:30 Nemendamálstofa: Tækifæri í námi og starfi - hvaða leið fór ég?
Málstofa A3 í Silfurbergi A
- Lausnir til að auðvelda ákvörðunartöku í sjávarútvegi
Málstofa B3 í Silfurbergi B
- Málstofa Saltfiskframleiðenda
Málstofa C3 í Norðurljósi
- 09:40 Hlé
- 09:45 Ísland í fremstu röð?
Málstofa A4 í Silfurbergi A
- Lausnir til að auðvelda ákvörðunartöku í sjávarútvegi
Málstofa B4 í Silfurbergi B
- Staða og þróun á mikilvægustu bolfiskmörkuðum
Málstofa C4 í Norðurljósi
- 11:30 Veitingar í Flóa, 1. hæð
- 12:00 Uppsjávarveiðar á tímum loftslagsbreytinga
Málstofa A5 í Silfurbergi A
- Framtíðartækni
Málstofa B5 í Silfurbergi B
- Uppruni og umhverfismál – áhrifavaldar á kaup sjávarafurða
Málstofa C5 í Norðurljósi
- 13:45 Veitingar í Flóa, 1. hæð
- 14:15 Markaðssetning og vörumerkið Ísland
Lokamálstofa í Norðurljósi
- 16:10 Aðalfundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. í Norðurljósi





Vissir þú að...

... Oddi býður upp á yfir **230 tegundir** af pappakössum?

Þú hefur kannski varla trú að því að til væru svo margar tegundir af pappakössum, en kassarnir eru notaðir undir margvíslegar vörur, við margvíslegar aðstæður og stýrir það valinu. Hversu mikið þarf burðarþolið að vera? Eiga þeir að vera höggþolnir? Rakapólnir? Fyrir vélþökkun?

Góður árangur í rekstri byggir á skynsamlegum ákvörðunum. Áratuga þekking okkar og reynsla tryggja þér fyrsta flokks ráðgjöf og aðstoð við greiningu á þínum þörfum. Hafðu samband og leyfðu okkur að aðstoða þig við að finna þá lausn sem hentar þínum rekstri best.



Hafðu samband fyrir nánari upplýsingar - s. 515-5000

www.odd.is

FIMMTUDAGUR 15. NÓVEMBER

– Opnunarmálstofa Silfurberg
Farsæll rekstur í sjávarútvegi

Umsjónarmaður: Sturlaugur Sturlaugsson, sjálfstæður ráðgjafi

Málstofustjóri: Sturlaugur Sturlaugsson, sjálfstæður ráðgjafi

10:15 Opnun, Helga Franklinsdóttir, formaður Sjávarútvegsráðstefnunnar

10:20 Setning, Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

10:30 Eignarhald og árangur í sjávarútvegi, Pétur Pálsson, Vísir

10:45 Sölu- og markaðsmál, Magnús Gústafsson, stjórnarformaður HB Granda

11:00 Farsæll rekstur sjávarútvegs - Mikilvægi nýsköpunar, Finnogi Jónsson, stjórnarformaður Knarr Maritime Consortium

11:15 Mikilvægi vísinda í þróun sjávarútvegs, Hólmfríður Sveinsdóttir, Iceprotein og PROTIS

11:30 Sjávarútvegur, samfélagsleg ábyrgð og sáttin, Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins

11:45 Umræður

11:55 Afhending framúrstefnuverðlauna, Hjálmar Sigþórsson, Tryggingarmiðstöðin

– Málstofa A1 Silfurberg A
Framtíð smábátaútgerðar á Íslandi

Umsjónarmaður: Axel Helgason, Landssambands smábátaeigenda

Málstofustjóri: Ögmundur Knútsson, Háskólinn á Akureyri

13:00 Samfélagleg áhrif smábátaútgerða, Örn Pálsson, Landssamband smábátaeigenda

13:15 Samþjöppun aflaheimilda og gagnsæi upplýsinga, Eyþór Björnsson, Fiskistofa

13:30 Smábátaútgerð á Grænlandi, Hilmar Ögmundsson, Fjármálaráðuneyti Grænlands

13:45 Samspil smábátaútgerða og smærri fiskvinnsla, Arnar Atlason, Tor

14:00 Markaðssetning á fiski frá smábátum, NN

14:15 Umræður

– Málstofa A2 Silfurberg A
Umhverfismál sjávarútvegsins

Umsjónarmaður: Margrét Geirsdóttir, Matís

Málstofustjóri: Sigurrós Friðriksdóttir, Umhverfisstofnun

15:15 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og íslenskur sjávarútvegur, Bryndís Björnsdóttir, Matís

15:30 Örplast í sjó og sjávarfangi, Birna S. Hallsdóttir, Umhverfissráðgjöf Íslands

15:45 Blái herinn og umhverfismál, Tómas Knútsson, Blái herinn

16:00 Súrnun sjávar, fiskar og framtíðin, Hrönn Egilsdóttir, Hafrannsóknastofnun

16:15 Umhverfisvænasti sjávarútvegur í heimi? Benedikt Sigurðsson, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

16:30 Umræður

– Málstofa B1 Silfurberg B
Hönnun og starfsumhverfi í fiskvinnslu með aukinni tæknivæðingu

Umsjónarmaður: Gísli Kristjánsson, HB Grandi

Málstofustjóri: Gísli Kristjánsson, HB Grandi

13:00 Eðlisbreyting starfa - þörf á nýrri menntun, Guðrún Hafsteindóttir, formaður Samtaka iðnaðarins

13:15 Staða öryggismála og áskornir framundan, Leifur Gústafsson, Vinnueftirlit ríkisins

13:30 Áskoranir við þrif og hreinlætismál með aukinni tæknivæðingu – sjálfvirknivæðing við þrif, Eggert Bjarnason, Hreinlætislausnir

13:45 Hönnun vinnsluhúsnæðis, Helgi Már Halldórsson, Ask Arkitektar

14:00 Notkun þrívíddarlíkan við hönnun vinnsluhúsnæðis, Birgir Hauksson, Verkís

14:15 Umræður

– Málstofa B2 Silfurberg B
Vottanir - markaðsaðgangur eða markaðshindranir?

Umsjónarmaður: xel Helgason, Landssamband smábátaeigenda

Málstofustjóri: Finnur Garðarsson, Ábyrgum fiskveiðum

15:15 Þættir úr sögu vottunar, Kristján Þórarinnsson, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

15:30 Hvert er hlutverk Hafrannsóknastofnunar varðandi vottanir, Guðmundur Þórðarson, Hafrannsóknastofnun

15:40 MSC: mælikvarði á sjálfbærar og umhverfisvænar fiskveiðar, Gísli Gíslason, Marine Stewardship Council (MSC)

15:55 Á hverju féll vottun grásleppu og afleiðingar? Axel Helgason, Landssamband smábátaeigenda

16:05 Hlutverk Vottunarstofunnar Tún, Gunnar Gunnarsson, Vottunarstofan Tún

16:15 Kaupandi vottana, Kristinn Hjálmarsson, Iceland Sustainable Fisheries (ISF)

16:25 Að kaupa vottaðar afurðir – íþyngjandi eða rétta leiðin? Guðný Camilla Aradóttir, IKEA

16:35 Umræður



SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN
2018

– Málstofa C1 Norðurljós
Markaðspróun: Stóra myndin

Umsjónarmaður: Jón Prándur Stefánsson, Sea Data Center

Málstofustjóri: Nótt Thorberg, fyrrum framkvæmdastjóri Marel á Íslandi

13:00 Markaðssetning og sala á sjávarfangi á netinu: Í hvaða viðskiptum erum við raunverulega? Valdimar Sigurðsson, Háskólinn í Reykjavík

13:15 Markaðspróun – Tölulegt yfirlit, Jón Prándur Stefánsson, Sea Data Center

13:25 Hvernig er hægt að nota kaupvilja mismunandi neytendahópa í Evrópu til markaðssetningar á sjávarafurðum?

Guðmundur Stefánsson, Matís

13.35 Mun fiskeldi breyta leikreglum á markaði? Þorsteinn Másson, Arnarlax

14:45 Hverju þarf að breyta í markaðssetningu á sjávarafurðum? Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður Íslandsstofu

14:55 Umræður með panel

– Málstofa C2 Norðurljós
Greining á íslenskum sjávarútvegi

Umsjónarmaður: Guðmundur S. Ragnarsson, Arionbanki

Málstofustjóri: Sigurður Elí Haraldsson, Arion banki

15:15 Af hverju er stefnumótun mikilvæg fyrir sjávarútvegsfyrirtæki og eru einhverjar hindranir í veginum fyrir langtíma stefnumótun?

Kistján Vigfússon, Háskólinn í Reykjavík

15:40 Krónan og sjávarútvegurinn Erna Björg Sverrisdóttir, Arion banki

16:05 Fjárfesting í landvinnslu Helga Sigurrós Valgeirsdóttir, Arion banki

16:30 Hlutabréfamarkaðurinn og sjávarútvegurinn. Er forsenda til frekari skráninga? Ásmundur Gíslason, Arion banki

FÖSTUDAGUR 16. NÓVEMBER

– **Málstofa A3 Silfurberg A**
Nemendamálstofa: Tækifæri í námi og starfi - hvaða leið fór ég?
Umsjónarmaður: Guðrún Arndís Jónsdóttir, Sjávarútvegsmiðstöð HA
Málstofustjóri: María Ásdís Stefánsdóttir, Hafrannsóknastofnun
08:30 Mín leið – Frá þýskri næringarfræði í íslenskan sjávarútveg, *Hólmfríður Sveinsdóttir, Iceprotein og PROTIS*
08:45 Frá verkfræðinámi til stofnunar hátæknifyrirtækis, *Helgi Hjálmarsson, Valka*
09:00 Sálfræði í sjávarútvegi, *Snæfríður Einarsdóttur, HB Grandi*
09:15 Umræður

– **Málstofa A4 Silfurberg A**
Ísland í fremstu röð?
Umsjónarmaður: Margrét Geirsdóttir, Matís
Málstofustjóri: Guðrún Pétursdóttir, Háskóli Íslands
09:45 Íslensk fjármálafyrirtæki og alþjóðlegur sjávarútvegur, *Runólfur Geir Benediktsson, Íslandsbanki*
10:00 Tæknileg áhrif Íslendinga erlendis, *Helgi Hjálmarsson, Valka*
10:15 Alþjóðleg áhrif Íslendinga í menntamálum og þróunaraðstoð, *Þór Heiðar Ásgeirsson, Hafrannsóknastofnun*
10:30 Áhrif af rannsóknarsamstarfi – Er hlutverk Íslendinga að gefa eða þiggja? *Sveinn Margeirsson, Matís*
10:45 Samkeppnishæfni Íslands, *Sigurður Hannesson, Samtök iðnaðarins*
11:00 Umræður

– **Málstofa A5 Silfurberg A**
Uppsjávarveiðar á tímum loftslagsbreytinga
Umsjónarmaður: Daði Már Kristófersson, Háskóli Íslands
Málstofustjóri: Freydís Vigfúsdóttir, Háskóli Íslands
12:00 The North Atlantic subpolar gyre regulates marine ecosystems, *Dr. Hjálmar Hátún, Faroe Marine Research Institute*
12:20 Dýrasvif og uppsjávarfiskistofnar austan við Ísland síðustu tvo áratugina, *Dr. Lísanna Libungan, Hafrannsóknastofnun*
12:35 Herring and Mackerel – Competition or Coexistence? *Cecília Kvaavik, Hafrannsóknastofnun og Háskóli Íslands*
12:50 Loðnan á mörkum tveggja heima, *MPhil. Birkir Bárðarson, Hafrannsóknastofnun*
13:05 Þrjár áskoranir í rannsóknum á viðförlum uppsjávarfiskastofnum við Ísland, *Dr. Anna Heiða Ólafsdóttir, Hafrannsóknastofnun*
13:20 Umræður

– **Málstofa C6 Norðurljós**
Markaðssetning og vörumerkið Ísland
Umsjónarmaður: Bjarni Eiríksson, Marel
Málstofustjóri: Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, Marel
14:15 Markaðsstarf – grunnur að góðri sölustarfsemi, *Guðný Káradóttir, Íslandsstofa*
14:40 Adding actual value to the value chain, *Oliver Luckett, Niceland*
15:05 Does ‘Iceland’ matter? *Elly Truesdell, Canopy Foods*
15:30 Umræður
15:55 Lokavarp, *Kristján Geir Gunnarsson, Oddi prentun og umbúðir*

– **Málstofa B3 Silfurberg B**
Lausnir til að auðvelda ákvörðunartöku í sjávarútvegi
Umsjónarmaður: Sturlaugur Sturlaugsson, sjálfstæður ráðgjafi

Keypt kynning þar sem þjónustuaðilar sjávarútvegs fá möguleika á að vera með 10 mín erindi um vöru og þjónustu sem fyrirhugað er að markaðssetja eða er nýlega byrjað að selja. Sömu kröfur eru gerðar til keyþra erinda og annarra erinda á Sjávarútvegsráðstefnunni og fá þau sambærilega kynningu í ráðstefnuhefti.

– **Málstofa B4 Silfurberg B**
Lausnir til að auðvelda ákvörðunartöku í sjávarútvegi
Umsjónarmaður: Sturlaugur Sturlaugsson, sjálfstæður ráðgjafi
Málstofustjóri: Sturlaugur Sturlaugsson, sjálfstæður ráðgjafi
09:45 Aukin sjálfvirkni í skráningum og miðlun upplýsinga um veiðar og vinnslu, *Steingrímur Gunnarsson, Trackwell*
09:55 SEASCANN: Rekjanleiki afurðar og sjálfbærar veiðar, *Ólöf Helga Jónsdóttir, Skaginn3X*
10:05 Greining og birting gagna í Power BI úr upplýsingakerfi fyrir sjávarútveg - WiseFish, *Stefán Torfi Höskuldsson, Wise lausnir*
10:15 Viðhaldsstjórnun skipaflota, *Kristján Sigurgeirsson, Maintx*
10:25 Áhættumat á tímum aukinnar sjálfvirkni í sjávarútvegi. *Ólöf Hafsteinsdóttir, Sýni*
10:35 Afþreying landtengingar fyrir sjávarútveg, *Jón Björn Bragason, Efla*

– **Málstofa B5 Silfurberg B**
Framtíðartækni
Umsjónarmaður: Bjarni Eiríksson, Marel
Málstofustjóri: Anna Kristín Pálsdóttir, Marel
12:00 Fjórhá iðnbyltingin og framlag íslensks sjávarútvegs, *Huginn Freyr Þorsteinsson, Aton*
12:15 Skýjalausnir og Big Data – Tækifæri fyrir sjávarútveginn, *Heimir Fannar Gunnlaugsson, Microsoft á Íslandi*
12:30 Skilvirk vöruþróun í fiskiðnaði með hermun og sýndarveruleika, *Haukur Hafsteinsson, Marel*
12:45 Iðnaðarþjarkar í fiskvinnslu, núverandi og næstu skref, *Guðmundur Magnús Sigurbjörnsson, Samey*
13:00 Þjálfar maður vél, *Hagalín Ásgrímur Guðmundsson, Sindri Ólafsson og Þröstur Snær Eirsson, Marel*
13:15 Umræður

– **Málstofa C3 Norðurljós**
Málstofa Saltfiskframleiðenda
Umsjónarmaður: Guðbergur Rúnarsson, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Málstofustjóri: Sverrir Haraldsson, Vinnslustöðin
08:30 Verkun saltfisks í tímans rás, *Gunnar Tómasson, Þorbjörn*
08:40 Mismunandi framleiðsluaðferðir við verkun saltfisks, *Sigurjón Arason, Matís*
08:50 Framtíð saltfisks frá Íslandi, *Sveinn Ari Guðjónsson, Vísir*
09:00 Markaðsverkefni saltfisks í suður Evrópu, *Björgvin Þór Björgvinsson, Íslandsstofa*
09:10 Saltfiskhátíð Tapasbarsins, *Bjarki Freyr Gunnlaugsson, Tapasbarinn*
09:20 Umræður

– **Málstofa C4 Norðurljós**
Staða og þróun á mikilvægustu bolfiskmörkuðum
Umsjónarmaður: Gísli Kristjánsson, HB Grandi
Málstofustjóri: Eggert Benedikt Guðmundsson, IceCure
09:45 Framboð botnfisks, framleiðsla, útflutningur og samkeppnistegundur, *Kristján Hjaltason, Norebo*
10:05 The Groundfish Market in France – Trends and Challenges, *Benoit Vidal Giraud, VIA AQUA – Seafood & Prospective*
10:25 Bolfiskmarkaður í Bretlandi, *Sturlaugur Haraldsson, Norebo*
10:45 Bolfiskmarkaður í Bandaríkjunum, *Pétur Másson, Marketing services*
11:05 Umræður

– **Málstofa C5 Norðurljós**
Uppruni og umhverfismál – áhrifavaldar á kaup sjávarafurða
Umsjónarmaður: Guðný Káradóttir, Íslandsstofa
Málstofustjóri: Laufey Skúladóttir, Fisk Seafood.
12:00 The role of e-NGO’s of providing information on sustainability and certification, *Sigríð Merino, Íslandsstofa*
12:15 The role of WWF in the seafood market in France, *Selim Azzi, WWF-France*
12:35 “Cod at your door”: pop up store experience with Icelandic cod in Portugal, *Nuno Araújo, Vinnslustöðin*
12:55 Rekjanleiki í virðisæðjunni – tækni og tækifæri, *Geir Þráinsson, Marel*
13:10 Í uppruninum liggja tækifærin, *Sara Lind, Icelandic Trademark Holding*
13:25 Umræður

Markaðspróun: Stóra myndin



Umsjónarmaður:
Dr. Jón Þrándur Stefánsson
Yfirmaður greininga
Sea Data Center

Öldum saman hefur sjávarútvegur gegnt veigamiklu hlutverki í þjóðarbúskap Íslendinga og þrátt fyrir miklar breytingar og uppgang nýrra atvinnugreina og þjónustu á síðari árum þá er vægi sjávarútvegs, sem ein helsta útflutningsgrein landsins, ótvírætt. Svárið við spurningunni um hvort svo muni áfram vera um ókomna tíð er hins vegar ekki aðeins háð því hvort fiskur muni veiðast heldur einnig hvort takist að koma afurðum markaði og á hvaða hátt. Í þessu sambandi þá skiptir markaðspróun og nálgun við markaðinn sérstaklega miklu máli.

Á undanförunum árum hefur töluvert verið fjallað um sölu- og markaðsmál sjávarútvegsins. Í stuttu máli er ekki einfalt að gera þessari umræði fullnægjandi skil þar sem umræðan við viðfangsefnið hefur snert á mörgum þáttum. Á köflum hefur umræðan jafnvel beinst í þann farveg að litið er til gömlu sölusamtakanna og þess árangurs sem þau náðu að lykilmörkuðum á sínum tíma. Gjarnan hefur verið litið



til nágranna okkar Norðmanna og hvernig þeir hafa staðið að sinni markaðssetningu og hvort einhvern lærdóm megi draga af þeirra reynslu. Sameiginleg markaðssetning kemur einnig upp í umræðunni og tengist þá ekki aðeins því hver og hvernig eigi að framkvæma hana heldur oftarnýst umræðan um hver eigi að borga brúsann. Þegar vel árar í sjávarútvegi þá eiga menn það einnig til að berjast á brjóst og skýra þakka góðan árangur snilli í sölu- og markaðssetningu oft án þess að geta sýnt fram á árangur með nákvæmum mælikvörðum. Því má segja að ljóst er að matið á því sem vel hefur verið gert svo og hvað beri að gera er mismunandi og sitt sýnist hverjum.

Þegar litið er til þróunar alþjóðaviðskipta á s.l. mánuðum þá er óhætt að segja að ýmsar blikur séu á lofti. Með útgöngu

Breta úr Evrópusambandinu munu eiga sér stað breytingar sem munu hafa áhrif á markaði. Auknar viðskiptahindranir og tollastríð milli stærstu efna-hagsvelda heims hafa bæði bein og óbein áhrif á markaði fyrir sjávarafurðir og samkeppnisstöðu fyrirtækja á þeim markaði. Þessi þróun alþjóðaviðskipta mun án efa hafa áhrifa á þá markaði sem íslensk fyrirtæki hafa sótt á fyrir sínar sjávarafurðir og eykur því þörf á að skoða alla þætti sölu- og markaðssetningar. Þessu til viðbótar þá skipta viðskiptakjör og gengisþróun einnig miklu máli og hafa haft veruleg áhrif á það á hvaða markaði fyrirtæki sækja.

En þróun alþjóðaviðskipta og efnahagsumhverfis er ekki það eina sem skiptir máli þar sem breytt kauphegðun og kröfur neytanda skipta einnig máli. Í þessu sambandi má nefna

aukningu á beinum viðskiptum og netverslun sem smám saman er að ryðja sér til rúms í sjávarútvegi. Notkun samfélagsmiðla m.a. í markaðssetningu á sjávarafurðum er einnig dæmi um hvernig nýir miðlar eru að breyta nálgun við kaupendur á markaði.

Í málstofunni um „Markaðspróun: Stóra myndin“ á að fjalla um markaðspróun sjávarafurða á gagnrýnan hátt. Íslendingar hafa staðið sig vel í vinnslu sjávarafurða en er hægt að segja það sama um markaðssetningu á sjávarafurðum? Ætlunin er að spyrja krefjandi spurninga um hvort íslenskur sjávarútvegur sé á rétti leið þegar kemur að því að hámarka arðsemi og hvaða þýðingu markaðssetning hafi í þessu samhengi. Ætlunin er ekki að dvelja við fortíðina heldur horfa til framtíðar og etv. spá fyrir um þróunina.

Til þess að svara þessum spurningum og fleirum þá verður leitað í smíðju fyrirlesara með reynslu úr sjávarútvegi svo og til fyrirlesara með þekkingu úr öðrum starfsgreinum þar sem þekking þeirra getur nýst sjávarútvegi við sölu- og markaðsmál. Þessu til viðbótar þá verður sjónarmiðum neytenda gerð skil og fjallað um nýjar aðferðir við sölu- og markaðssetningu. Aðkoma opinbera aðila að markaðssetningu sjávarafurða kemur einnig til skoðunar s.s. með umfjöllun um hlutverk Íslandsstofu í þessu sambandi. Af ofangreindu má því sjá að umfjöllunarefnið er nokkuð vítt og snýr bæði hlutverki og breytingum á leikreglum á markaði. Þegar skoða á stóru myndina í markaðssetningu er gagnlegt að hafa tölulegan grunn til að styðjast við. Því mun málstofunni einnig skoða stóru myndina í markaðspróun í gegnum tölur.

Að umfjöllun málstofunnar lokinni verða umræður þar sem sérfræðingar úr greininni fá tækifæri til að spyrja fyrirlesara spjörum um. Þetta fyrirkomulag er nýmæli á sjávarútvegsráðstefnunni 2018.

Þegar allt er tekið saman þá eiga þeir sem sækja málstofuna „Markaðspróun: Stóra myndin“ að fá betri innsýn í hvaða breytinga megi vænta í sölu- og markaðssetningu á næstu misserum og árum. Markmiðið er að í lok málstofunnar þá hafi áheyrendur mun betri tilfinningu fyrir því hvaða áskorunum þurfi að bregðast við og hvaða leiðir þurfi að meta í því sambandi.

Hönnun og starfsumhverfi í fiskvinnslu með aukinni tæknivæðingu



Umsjónarmaður:
Gísli Kristjánsson
Framleiðslustjóri HB Grandi

Þróun í tækni- og sjálfvirknivæðingu bolfiskvinnsla hefur aldrei verið hraðari. Þessi öra þróun veldur ýmsum eðlisbreytingum á fiskvinnslum sem krefst nýs hugsunarháttar, bæði hvað varðar störf í fiskvinnslum sem og uppsetningu vinnsluhúsa. Í þessari málstofu er fjallað um þætti sem koma til með að breytast með aukinni



Uppröðun tækjabúnaðar í fiskvinnslu er oft áskorun.

framþróun í fiskvinnslu. Erfiðum og einhæfum störfum fækkar með aukinni

tæknivæðingu en störfum sem kalla á nýja þekkingu, færni og menntun starfsmanna mun

fjölga. Með innleiðingu á nýrri tækni verða einnig breytingar í starfsumhverfi fiskvinnsla

Erfiðum og einhæfum störfum fækkar með aukinni tæknivæðingu en störfum sem kalla á nýja þekkingu, færni og menntun starfsmanna mun fjölga.

m.a. með tilliti til öryggismála, viðhalds og þrifa. Fyrirlesarar leggja mat á þróun í þessum málum, hvaða áskoranir eru framundan og hvernig best er að taka á þeim.

iTUB Keraleiga - www.itub-rental.com

Árið 2010 stóðu Sæplast á Dalvík og sjávarútvegsfyrirtæki í Noregi að stofnun fyrirtækisins iTUB AS í Noregi um útleigu á fiskikerum til útgerðarfyrirtækja og fiskvinnslu þar í landi. Árið 2015 hóf iTUB síðan innreið sína á íslenska markaðinn með 460L og 660L ker. Fyrirtækið hefur vaxið jafnt og þétt síðustu árin og er í dag með rúm 40.000 ker í útleigu í Noregi, Danmörku og á Íslandi, en viðskiptavinir iTUB samstæðunnar eru víða um Evrópu.

Hagkvæmur valkostur fyrir útgerð og fiskvinnslu

Vöxtur iTUB hefur verið mestur á Íslandi síðustu árin. Fyrir íslenska markaðinn er fyrirtækið með aðsetur á Dalvík, þar sem Reimar Viðarsson heldur utan um leiguna. Reimar segir að íslenski markaðurinn sé sífellt að breytast og þróast og að fyrirtækið þurfi að aðlagja sig hratt að breyttum aðstæðum á markaði. „Viðskiptavinum okkar hefur fjölgað á Íslandi, sem og öðrum löndum og að sama skapi hafa bæst við fjölbreyttari fyrirtæki, bæði útgerðir og landvinnslufyrirtæki. Fyrirtækin eru stöðugt að aðlagja sig að breyttum markaðsaðstæðum á sínum kaupendamörkuðum og útgerðarmynstur breytist í takt við kröfur markaðanna. Þörfin fyrir leigu og tengda þjónustu hefur aukist samhlíða, sem er breyting frá því sem áður var þegar

flest útgerðarfyrirtæki áttu sín eigin ker og héldu utan um notkunina sjálf“.

Til viðbótar við útleigu á kerunum sjálfum er flutningskerfið mjög mikilvægur þáttur í starfsemi iTUB. Með víðara söluneti notenda bætast við fleiri áfangastaðir og öll miðlun flutninga á kerum verður umfangsmeiri og flóknari. Þjónustustöðvar iTUB halda utanum skil á kerum erlendis, þau eru þrífín hjá þjónustuaðilum viðkomandi markaðslanda og eru síðan flutt til baka til sama viðskiptavinar eða annarra notenda og markaða. Afgreiðslu- og þvottastöðvar á vegum iTUB í Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og Danmörku, auk lagerafgreiðslna á kerum vítt um Noreg og Ísland eru mikilvægir þættir í heildar þjónustunni. Þá sér iTUB einnig um viðgerðir á kerum á Íslandi og í Danmörku. Náð samstarf við flutningsaðila er mikilvægt en þjónustan byggir á bæði land- og sjóflutningum. iTUB hefur byggt upp öflugt þjónustunet sem skapar viðskiptavinum mikla möguleika þegar kemur að uppbyggingu sölustarfs þeirra í Evrópu.

Til samanburðar við Noreg er þó rúm fyrir umbætur á íslenska markaðnum þegar kemur að umgengni á endurnýtanlegum umbúðum og Reimar segir að ákveðinna viðhorfsbreytinga sé þörf. „Við sjáum það að ýmsu er ábótavant hér á íslenska markaðnum þegar kemur að umgengni við kerin og iTUB



Reimar Viðarsson

vinnur nú að ákveðnum umbótaverkefnum í samstarfi við notendur til að lyfta stöðlum á hærra plan, til að bæta enn frekar þjónustuna við viðskiptavinir til framtíðar“.

Öryggi og gæði að leiðarljósi

iTUB byggir sitt útleigukerfi að mestu leyti á 460 lítra kerum frá Sæplasti með PE fyllingu í veggjum en þau hafa sannað sig í gegnum tíðina sem góður kostur fyrir matvælamedhöndlun, eru sterkbyggð, draga ekki í sig vökva þó skemmd verði á kerunum sem er mikilvægt gagnvart hreinlætiskröfum. Að auki eru PE fylltu kerin endurvinnanleg og þannig umhverfislega hagkvæmur valkostur. „Þetta eru ker sem við þekkjum af reynslunni að henta mjög vel fyrir flutninga á ferskum fiski. En samhlíða leggjum við mjög mikið upp úr öryggi hvað varðar stöflun og hífingar, hagkvæmni í rekstri þeirra og aðra þætti sem snúa að áreiðanleika“ segir Reimar.



iTUB • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími: 460 5044 • www.itub-rental.com



iTUB er hagkvæmur valkostur fyrir útgerð og fiskvinnslu á leigu plastkera með öryggi og gæði að leiðarljósi



iTUB • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími: 460 5044
www.itub-rental.com

Greining á íslenskum sjávarútvegi



Málstofustjóri:
Sigurður Elí Haraldsson
Fyrirtækjasvið Arion banki

Íslenskur sjávarútvegur stendur á tímamótum. Gríðarleg þróun hefur verið til aukinnar sjálfvirkni og öflug sjávarútvegsfélög endurskoða í sífelli rekstur sinn og leiðir til að halda kostnaði niðri án þess að gefa eftir kröfur um gæði og afhendingaröryggi. Yfir 95% af íslenskum sjávarafurðum eru fluttar úr landi og mikilvægt að hér á landi sé



Ísafjarðarhöfn seint um kvöldi í september.

rekinn samkeppnishæfur sjávarútvegur. Í málstofunni mun Kristján Vigfússon ræða mikilvægi stefnumótunar í sjávarútvegi. Í framhaldinu verða kynntar

nokkrar greiningar sem unnar hafa verið innan Arion banka. Við sjáum þróun í þá átt að

stór fyrirtæki eru að kaupa hvert annað upp eða kaupa sig inn í eignarhald. Minni og meðalstórum fyrirtækjum hefur fækkað með fleiri sameiningum og samvinna er að aukast, allt með það markmið að auka samkeppnishæfni. Við ræðum hvaða áhrif gjaldmiðillinn hefur, hver staðan er í innviðafjárfestingum og hvort kraftar eru til staðar sem líklegir eru til að leiða til fjölgunar skráninga á sjávarútvegsfyrirtækjum á markað. Kynningarnar verða snarpar en greiningarnar í heild sinni verður hægt að nálgast á vef Arion banka. Í framhaldi hvernar kynningar verða pallborðsumræður sem aðilar úr bankanum, frá sjávarútveginum og hagsmunasamtökum taka þátt í. Markmið okkar er að horfa til framtíðar og eiga gagnlegar samræður um hvernig við sjáum íslenskan sjávarútveg þróast.

Vottanir - markaðsaðgangur eða markaðshindranir?



Umsjónarmaður:
Axel Helgason
Formaður
Landssambands smábátaeigenda

Matvælaframleiðsla heimsins er sífellt að færast í átt að vottunum. Fiskafurðir eru einungis einn angur þessa. Árið 2011 var fyrsta vottun MSC veitt á Íslandi og á hverju ári bætast við fisktegundir sem eru vottaðar. Krafan virðist vera sú að setja allar nytjategundir á Íslandsmiðum í vottunarferli. Nýlega var vottun á grásleppu afturkölluð, fjórum árum eftir að hún fékkst, vegna þess að ekki náðist að uppfylla skilyrði fyrir endurnýjun. Það að missa vottunina á grásleppuveiðunum og fá í kjölfarið 10-15% hærra verð fyrir afurðirnar hefur vakið upp spurningar sem rétt er að leita svara við. Áður en MSC vottunin fékkst á grásleppuveiðarnar fór ekkert á milli mála að margir framleiðendur kaviars úr grásleppuhrogn- um óttuðust mjög vald MSC yfir neytendamarkaðinum. Þeir lýstu því jafnvel yfir að þeir myndu hætta að kaupa íslensk hrogn ef vottunin fengist ekki. Neytendur tengja vottanir á fiskafurðum fyrst og fremst við



Smábátar í höfninni á Djúpavogi.

sjálfbærar og ábyrgar veiðar. Á því byggja auglýsingar vottunarfyrirtækjanna: að höfða til samvisku neytenda og sannfæra þá um að auðlindir hafsins séu í hættu, kaupi þeir ekki vottað sjávarfang. Þar sem liðin eru nokkur ár frá því að grásleppan fékk vottun er áhugavert að skoða hvaða áhrif þessi vottun hefur haft á afurðaverð og markaðsaðgang. Þau gögn og úrvinnsla þeirra sem felldi vottun á grásleppu hafa vakið upp spurningar um hvort ferlið allt sé nógu gegnsætt og hvort hagsmunaaðilar, eins og sjómenn og þeir sem eru seljendur frumvörunnar, eigi ekki að hafa meiri aðkomu í vottunarferlinu og viðhaldi vottana. Einnig er rétt að velta fyrir sér hvort þörf sé á að setja lög og reglur um starfsemi vottunarfyrirtækja sem t.d gerðu kröfur um að þeir sem standa að úttekjum á þeirra vegum uppfylli ákveðnar kröfur um menntun og reynslu á því sviði sem hér um ræðir. Er jafnframt ekki æskilegt að leita svara við því hvort vottunarfyrirtæki eigi að hafa sjálfsvald

um auknar kröfur til að viðhalda vottunum? Í þessu sambandi nefni ég að MSC vinnur nú að því að innleiða vinnuvernd í vottunarferlið. Þá hlýtur sú spurning að vakna hvort eðlilegt sé, þegar einkafyrirtæki ákveður að kaupa vottun af öðru einkafyrirtæki, að stjórnsýslan og stofnanir komi þar að með rannsóknir og eftirlit án þess að greitt sé fyrir þá vinnu af hendi þess sem óskar eftir vottuninni. Þegar vottanir voru kynntar í upphafi var því haldið fram að þær myndu framkalla hærra verð til fiskimanna: vottun á „ábyrgri“ umgengni þeirra myndi borga sig. MSC hefur vottað hundraða fiskafurða í fjölda landa. Það gæti því verið tímabært að fara yfir listann og skoða hverju MSC hefur áorkað til þess að færa fiskveiðar til betra horfs varðandi þær tegundir sem vottaðar hafa verið. Stóra spurningin fyrir fiskimennina er vitaskuld þessi: Eru þeir að sjá hærri verð fyrir vottaðar veiðar/vörur og er auðveldara að selja þær? Hvar liggur ágóðinn fyrir þá og restina af virðisbætur?



Það er sæmandi fiskveiðipjóð að gera kröfur um framúrskarandi umhverfisstjórnun í höfnum landsins og er Bláfáninn öflugt tæki til að stuðla að því. Myndin er af höfninni á Borgarfirði eystra sem er með Bláfánann.

Umhverfismál sjávarútvegsins



Umsjónarmaður:
Margrét Geirsdóttir
Sérfræðingur Mátis

Vægi og mikilvægi umhverfismála í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og við markaðssetningu sjávarafurða hefur verið að aukast á undanförunum árum og áratugum. Íslendingar standa frammi fyrir áskorunum og jafnframt tækifærum að gera betur í þeim umhverfismálum sem

við höfum stjórn á og þannig bæta ímynd atvinnugreinarinnar og samkeppnishæfni. Í málstofunni verða umhverfismál sjávarútvegsins skoðuð frá mismunandi sjónarhornum þar sem við ræðum, mengun hafs og strandsvæða, jafnt smáar agnir sem ekki eru sjáanlegar með berum augum sem og stærri hluti. Við veltum fyrir okkur hver eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna varðandi sjálfbærni og hvernig íslenskur sjávarútvegur stendur sig þar og almennt í umhverfismálum. Og við spyrjum okkur hvort við getum sagt að Íslenskur sjávarútvegur sé sá umhverfisvænsti í heimi. Hver er staðan í hafinu í kringum okkur, hvernig stendur íslenskur sjávarútvegur sig og ekki minnst hvað getum við gert betur?

norðanfiskur



Fæst í Bónus



Ferskur fiskur tilbúinn til matreiðslu



Kíktu á uppskriftirnar á fiskurimatinn.is



Það hefur átt sér stað mikil endurnýjun á fiskiskipaflotanum á undanföllum árum. Myndin er tekin í Reykjavíkurhöfn.

Ísland í fremstu röð?



Umsjónarmaður:
Margrét Geirsdóttir
Sérfræðingur Matis

Farið verður yfir stöðu Íslendinga í sjávarútvegi á alþjóðavísu, hvar við höfum haft áhrif og gert okkur sýnileg. Bent verður á það sem vel hefur verið gert og getur verið fyrirmynd annarra verkefna sem liður í því að auka vægi íslensks sjávarútvegs á alþjóða vísu. Í málstofunni verður farið yfir hvort hætta sé á því að íslenskur sjávarútvegur sitji eftir í framtíðarþróun þessarar mikilvægu atvinnugreinar og bent á tækifæri sem geta stuðlað að því að Ísland verði í fremstu röð á meðal sjávarútvegsþjóða.

Málin verða skoðuð á breiðum grundvelli þar sem tæknilegar hliðar, menntamál, fjármál sem og rannsóknir verða tekin til athugunar.

Nemendamálstofa: Tækifæri í námi og starfi - hvaða leið fór ég?



Umsjónarmaður:
Guðrún Arndís Jónsdóttir
Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri

Náttúrulegar auðlindir eru að mestu fullnýttar innan sjávarútvegsins og mun mannauðurinn því vera drifkrafturinn í verðmætasköpun á næstu áratugum. Það er því mikilvægt að sjávarútveginum sé tryggð góð nýliðum af starfsfólki með góða menntun. Atvinnugreinar keppast um ungt fólk sem hefur lokið sinni menntun. Sjávarútvegurinn er hátæknivæddur iðnaður sem greiðir tiltölulega há laun og því áhugaverður valkostur fyrir ungt fólk.

Sjávarútvegur er ekki bara að veiða fisk og flaka. Hann teygir anga sína um allt atvinnulíf. Má þar nefna; veiðar og vinnslu, flutninga, markaðsmál, mannauðsmál, ýmis konar hátækniíðnað, bankastarfssemi, rannsóknir og fleira. Því er mikil þörf á vel menntuðu fólki. Sjávarútvegurinn er sannarlega spennandi grein og fyrirtækin þurfa að fá vel menntað starfsfólk til að sinna fjölbættum störfum, til dæmis við að markaðssetja afurðir og sjá til þess að allur rekstur sé sem hagkvæmastur. Mikil nýsköpun á sér stað í sjávarútvegi, og eru



Nemendur við Háskólann á Akureyri sem aðstoðuðu í ráðstefnusölum Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012.

íslensk fyrirtæki almennt talin framsækin.

Menntastofnanir á Íslandi eru í samstarfi við erlenda háskóla um rannsóknir og verða sjávarútvegur því sjávarútvegur á Íslandi er af mörgum talin sá best rekni í heiminum og hafa aðstoðað önnur ríki við að þróa greinina.

Mikilvægt er að kynna vel fyrir nemendum í efstu bekkjum grunnskóla og nemendum í framhaldsskóla námsframboð og hvaða leiðir eru fyrir þá í áframhaldandi námi bæði í bóknaði og starfsnámi. Það hefur borið á því að starfsnám er minna metið en bóknað eða akademískt nám. Úr því þarf að bæta og efla kynningu sérstaklega á starfsnámi. Mjög mikilvægt er

Mikil nýsköpun á sér stað í sjávarútvegi, og eru íslensk fyrirtæki almennt talin framsækin.

líka að þeir nemendur sem velja sér iðnnám og hvers konar starfsnám sjái greiða leið inn í háskólanám ef þeir kjósa að fara þá leið.

Sjávarútvegur og tengdar greinar bjóða upp á spennandi og fjölbreytileg atvinnutækifæri. Fólkíð sem starfar í greininni

kemur inn með ólíkan bakgrunn og menntun.

Á málstofunni „Tækifæri í námi og starfi – hvaða leið fór ég“ deila forsvarsmenn og fagaðilar í sjávarútvegi frá sinni leið í námi, af hverju þeirra námsleið varð fyrir valinu og hvernig námið hefur nýst þeim í starfi og skilað þeim á þann stað sem þau eru komin á í dag. Um er að ræða frumkvöðul sem sett hefur á stofn hátækniyrirtæki eftir að hafa menntað sig í verkfræði, doktor í lífvísindum sem stýrir sprotafyrirtækjum á landsbyggðinni og yfirmann í rótgrónu sjávarútvegsfyrirtæki sem hefur farið óhefðbundna leið í sínu námi og starfi. Fyrirlesarar munu taka þátt í umræðu í lok málstofu og svara spurningum.

Lausnir til að auðvelda ákvörðunartöku í sjávarútvegi



Umsjónarmaður:
Sturlaugur Sturlaugsson,
Sjálfstæður ráðgjafi

Markmiðið er að gefa þjónustuaðilum sjávarútvegs möguleika að kynna vöru og þjónustu sem

fyrirhugað er að markaðssetja eða nýlega sett í sölu. Kynna þar með það nýjasta fyrir aðilum í sjávarútvegi m.a. til að auðvelda ákvörðunartöku í fjárfestingu og rekstri. Hér er um kostaðar kynningar að ræða og ekki er verið að kynna fyrirtækið eða almennar vöru eða þjónustu sem það býður upp á.

Það er von okkar að keyptar kynningar á Sjávarútvegsráðstefnunni verði árlegur viðburður hjá þjónustufyrirtækjum í sjávarútvegi. Í lok málstofu verða almennar umræður um framtíðarnotkun búnaðarins/þjónustunnar.



Kynna þar með það nýjasta fyrir aðilum í sjávarútvegi m.a. til að auðvelda ákvörðunartöku í fjárfestingu...

Bøðvar AK 33 var fyrsta skip Íslendinga sem búíð var „kraftblökk“ til síldveiða sem tekin var í notkun árið 1956. Á myndinni eru f.v. Þórður Guðmundsson, Jón Pálsson, Sigurður Þorleifsson, Skarphéðinn Árnason, Gylfi Jónsson, Halldór Árnason, Larson skipstjóri sem var Bandaríkja- maður og fylgdi blökkinni og nóttinni í byrjun, Lúðvík Jónsson og Haukur Ólafsson. Hannes Ólafsson, skipstjóri, stendur við mitt stýrishúsið og skipið var í eigu Haraldar Bøðvarssonar hf.



VESTMANNAEYJAR
ICELAND

***VIRÐING
SJÁLFBÆRNI
VELFERÐ***



Salfiskur skorinn niður í hæfilega bita fyrir neytendur.

Saltfiskmálstofan

Saltfiskurinn er sælkeraréttur



Umsjónarmaður:
Guðbergur Rúnarsson
Framkvæmdastjóri
Íslenskra Saltfiskframleiðenda

Verkun saltfisks hófst hér á landi skömmu eftir árið 1600. Með konungsbréfi árið 1760 voru kaupmenn skyldaðir til að sjá svo um að í hverri fiskihöfn dveldist einn útlendur maður í eitt til tvö ár til að kenna Íslendingum verkun saltfisks á þann hátt sem versluninni hentaði best. Á þessum tíma var fiskurinn blóðgaður, jafnskjótt og hann var innbyrtur, síðan slægður, flattur og himnudregin, vaskaður og látinn liggja í kös svo að umfram vökví gæti runnið úr honum. Saltað var í staðður og ýmsum aðferðum beitt við að raða fiskinum og oftár en ekki var hann umsaltaður áður en hafist var handa við vöskun og þurrkun. Þessi rómantíska verkun á þurruðum saltfisk í sumar og sól, tók ekki miklum breytingum fyrr en bera tók á vinnuafsskorti eftir síðari heimstyrjöldina en þá þótti vinnuaflið orðið dýrt vegna fjölbreyttari atvinnumöguleika. Það borgaði sig ekki lengur að þurra fiskinn sem tók fjórar til sex vikur á þurrkreitum. Hófu Íslendingar þá að flytja út blautverkaðan fisk

sem var síðan þurrkaður hjá kaupendum í Portúgal og á Spáni enda vinnuafli ódýrara þar. Snemma var lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og góða meðferð; blóðga fiskinn strax eftir veiði og kæla vel og salta sem fyrst eftir að í land var komið. Þessar áherslur hafa ekkert breyst og snemma var ljóst að saltfiskur verður ekki góður, nema meðhöndlunin sé rétt frá upphafi. Saltfiskverkun og sala saltfisks er sú atvinnugrein sem hvað mesta þýðingu hefur haft fyrir þjóðarbúi og atvinnulíf Íslendinga á nítjándu og tuttugustu öld. Það má segja að saltfiskurinn hafi stuðlað að þéttbýli og flýtt fyrir uppbyggingu sjávarþorpa og saltfiskurinn var hornsteinn í mörgum sjávarþorpum. Á seinni hluta síðustu aldar hafa verið unnin mörg rannsókn- og þróunarverkefni með saltfiskverkendum svo halda megi forskoti á mörkuðum með gæði að leiðarljósi. Almenn er viðurkennt að íslenskur saltfiskur þyki betri en saltfiskur annarra þjóða, en hafa verður í hugar að slík viðurkenning á markaði kemur ekki af sjálfu sér. Samkeppnin er hörð og fátt sem bendir til þess að hún minnki á komandi árum, því er mikilvægt að vandað sé til verka á öllum stigum saltfiskverkunar. Aðferðir við söltun hafa þróast töluvert í aldanna rás. Í dag er hún tæknivædd og nútíma vinnsla er oftast nær þannig að fiskurinn er forsaltaður í 2-3 daga með sprautun og þæklun eða þæklun eingöngu. Eftir forsöltun er fiskurinn þurrsaltaður eða kafsaltaður í ker. Við þetta ferli metast vökvafasi fisks-

ins af salti. Saltmettun lækkar vatnsvirkni sem er forsenda langs geymslupóls á fiskinum við réttar aðstæður. Við söltunina fer saltstyrkur í fiskholdi úr 0,2% í rúm 20%. Það jafngildir því að þækili í fiskholdi verður fullmettaður eða um 26% saltur. Söltunin leiðir til varanlegra breytinga á próteinum í fiskinum og vatnsinnihald hans minnkar. Vatnið sem eftir verður metast af saltinu sem vöðvinn dregur í sig við söltunina. Hversu hraðar breytingarnar verða fer eftir söltunaraðferðum, svo sem styrkleika salts í þækli, hlutfalli þækils á móti fiski og hitastigi. Saltfiskmarkaðir hafa þróast og neytendur gera kröfu um nýjar afurðir, mismunandi eftir löndum. Saltfiskframleiðendur hafa brugðist vel við og þróað nýjar framleiðsluáðferðir og afurðir til að koma til móts við þarfir neytenda sem eru breytilegar eftir landsvæðum, hefðum, aldri neytenda o.fl. Til að ná settum markmiðum hafa saltfiskframleiðendur þróað vinnsluferlin við söltun og í því sambandi má nefna; þurrsöltun, þækilsöltun, þæklun, sprautsöltun, léttisöltun, notkun aukefna o.fl. Gulumyndun í saltfiski sem rekja má til þrúnunar í afurðinni getur valdið mikilli gæðarýrnun. Því hefur áhugi framleiðenda á notkun aukefna (þrávarnarefni) aukist t.d. fjölfosfat sem dregur úr þrúnun og afurðin viðheldur hvítara yfirbragði miðað við hefðbundinn saltfisk. Fjölfosföt voru ekki leyfð sem aukefni við verkun saltfisks. En þegar vísindalegar upplýsingar um virkni og afdrif fosfats í söltuðum afurðum

komu fram í rannsóknum, m.a. í þremur doktorsverkefnum á Íslandi sem tengdust verkun saltfisks, heimilaði Evrópusambandið notkun á fjölfosfati við saltfiskverkun. Við söltun og geymslu verða breytingar á bragði og lykt sem kallast verkun. Áferðin breytist og upplifun neytandans við að borða saltfisk er sérstakt bragð og lykt. Um er að ræða flók- ið verkunarferli sem á vissan hátt má líkja við þroskunarferli í ostum. Þetta eru jákvæðar breytingar sem leiða til þess að saltfiskur fær sín sérstöku einkenni. Þessi einkenni finnast ekki í nætursöltuðum eða léttisöltuðum afurðum sem stundum eru markaðssettar sem saltfiskur á veitingastöðum og í verslunum. Um tvær mjög ólíkar vörur er að ræða vegna mismunandi aðferða við framleiðslu. Saltfisk þarf að útvatna fyrir neyslu vegna þess hve saltinnihald er hátt í blautverkaðri afurð. Fiskurinn er útvatnaður í tveimur lotum sem hvor stendur yfir í 35 til 40 klukkustundir, allt eftir því hve þykkur fiskurinn er. Vatnsþörfin við hvora útvötnun er um 6 lítrar af hreinu vatni fyrir hvert kíló af saltfiski. Við útvötnunina flæðir saltið úr vöðvanum út í vatnið og vöðvinn dregur í sig vatn. Eftir útvötnun er vatnsinnihald fisksins svipað og í ferskum fiski. Hversu mikið fiskurinn er útvatnaður fer eftir því hvernig á að matreiða hann. Steiktur fiskur þarf meiri útvötnun en soðinn, þar sem við suðu fer salt að hluta til út í vatnið. Neytendur vilja í auknum mæli fá saltfiskinn útvatnaðan og tilbúinn á pönnuna. Hægt er

að frysta fisk eftir útvötnun og geyma frosinn í góðum umbúðum fram að matreiðslu. Neysla saltfisks byggist á gamalli hefð, einkum í Suður-Evrópu og Rómönsku-Ameríku. Því er saltfiskverkun enn mikilvægur hluti af bolfiskvinnslu, þótt nútíma tækni bjóði upp á aðrar geymsluaðferðir eins og kælingu eða frystingu. Um þessar mundir er í gangi rannsóknarverkefni sem m.a. gengur út á að staðla aðferð við útvötnun saltfisks. Ýmis tækifæri felast í útvötnun og frekari vinnslu saltfisks hér á landi, t.d. frysting á útvötnuðum saltfiski í neytendapakkingar. Slíkar pakkingar þekkjast í Suður-Evrópu. Umfangsmikið markaðsstarf hefur verið unnið á saltfiskmörkuðum í Suður-Evrópu frá árinu 2013. Bakhjarlinn í þessu markaðsstarfi er Íslandsstofa sem sér um framkvæmd verkefnisins skv. samningi við Íslenska saltfiskframleiðendur (ÍSÍF) en Ábyrgar fiskveiðar (IRF) hafa einnig stutt við verkefnið. Yfirskrift verkefnisins er „Smakkaðu og deildu leyndarmáli íslenska þorsksins“ og lögð hefur verið áhersla á Spán, Ítalíu og Portúgal. Markmiðið með verkefninu er að styrkja orðspor og ímynd íslenskra saltfiskafurða sem úrvals afurðar með því að vekja athygli á íslenskum uppruna og sérstöðu sem tengist gæðum og hreinleika. Þetta markaðsstarf á saltfiski og fiski almennt teygir anga sína líka til Íslands m.a. með heimsókn- um matreiðslumanna frá helstu markaðslöndum til að elda saltfisk fyrir landann að þeirra hætti og samstarfi við íslenska veitingastaði.

Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2018

Styrktaraðilar hafa gefið okkur kost á að halda ráðstefnugjöldum í hófi og ná því markmiði að fá 700-800 manns á Sjávarútvegsráðstefnuna á síðustu árum. Stærsta framlaga er frá aðalstyrktaraðilum en þeir eru:

» **Arion banki:** Ásamt því að vera aðalstyrktaraðili kemur Arion banki til með að bjóða til móttöku þegar hefðbundinn dagsskrá líkur á fimmtudeginum 15. nóvember. Frá því að fyrsta sjávarútvegsráðstefnan var haldin 2010 hefur Arion banki áður styrkt ráðstefnuna tvisvar sinnum eða árin 2012 og 2015.

» **Wise:** Fyrirtækið sérhæfir sig í bókhalds- og viðskiptahugbúnaði fyrir fyrirtæki. Wise var einnig aðalstyrktaraðili Sjávarútvegsráðstefnunnar 2015.

» **Sæplast/Tempra:** Framleiða umbúðir og eru með umbúðarleiguna iTUB. Fyrirtækin hafa áður styrkt Sjávarútvegsráðstefnuna og voru aðalstyrktaraðilar árin 2014 og 2015 þá undir nafni Promens.

» **Eimskip:** Flutningafyrirtæki hafa því sem næst árlega verið aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar. Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki á Norður-Atlantshafi með tengingar við alþjóðlega markaði og sérhæfingu í flutningsmiðlun um allan heim. Fyrirtækið styrkti ráðstefnuna einnig árin 2013 og 2016.

» **Icelandair Cargo:** Félagið hefur verið duglegt að styðja við Sjávarútvegsráðstefnuna og var aðalstyrktaraðili árin 2010, 2012, 2014-2017. Á árinu 2018 er Icelandair Cargo því aðalstyrktaraðili í sjötta sinn. Það þótti því við hæfi að forsvarsmáður frá Icelandair Cargo væri með lokaávarp á Sjávarútvegsráðstefnunni 2017. Fulltrúi frá Icelandair Cargo hefur einnig setið í stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar.

» **Tryggingarmiðstöðin:** Félagið hefur verið aðalstyrktaraðili með því að styrkja framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegs-



Gunnar Már Sigurfinnsson, framkvæmdarstjóri Icelandair Cargo með lokaávarp á Sjávarútvegsráðstefnunni 2017.

ráðstefnunnar allt frá árinu 2011. Forsvarsmáður frá TM hefur kynnt og afhent Svifölduna, framúrstefnuverlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar í upphafsmálfstu ráðstefnunnar.

» **Oddi prentun og umbúðir:** Félagið hefur verið aðalstyrktaraðili Sjávarútvegsráðstefnunnar árlega allt frá árinu 2013. Oddi prentun og umbúðir hefur séð um uppsetningu og prentun á Ráðstefnuhefti Sjávarútvegsráðstefnunnar frá árinu 2011. Forsvarmaður frá Odda mun vera með lokaávarp á Sjávarútvegsráðstefnunni 2018.

» **HB Grandi:** Starfsmenn HB Granda hafa fjölmennt á Sjávarútvegsráðstefnunni undanfarin ár. HB Grandi var einnig aðalstyrktaraðili árin 2010, 2016 og 2017.

» **AVS sjóðurinn:** Sjóðurinn veitti styrk til að þróa nemendavettvang Sjávarútvegsráðstefnunnar og hefur verið unnið með skólum og fulltrúum atvinnulífsins. Frumraun nemendavettvangsins verður á Sjávarútvegsráðstefnunni 2018 og stefnt er að árlegum viðburðum á næstu árum.

» **Vinnslustöðin:** Fyrirtækið hefur veitt Sjávarútvegsráðstefnunni styrk til að fjármagna boðsmíða sérstaklega fyrir nemend-

ur í sjávarútvegstengdu námi. Á næstu árum verður leitað til samtaka og fyrirtækja um styrk til að fjármagna nemenda-

vettvanginn að erlendri fyrirmynd.

Við þökkum framlaga aðalstyrktaraðila.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi auglýsir eftir umsóknum

AVS rannsóknasjóður hefur að markmiði að styrkja verkefni, sem stuðla að auknu verðmæti íslensks sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og fiskeldis. Sjóðurinn auglýsir nú eftir umsóknum í verkefni 2019 með þetta að markmiði. Skilafrestur umsókna er til kl. 20. 1. desember 2018. Umsóknum ber að skila rafrænt á netfangið avs@byggdastofnun.is og bréflaga á pósthafið Byggðastofnun v/AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi, Ártorgi 1, 550 Sauðárkrúkur. Vakin er athygli á því að umsóknum þarf bæði að skila rafrænt og bréflaga.

Styrkir sem sjóðurinn veitir falla undir tvo flokka:


- Styrkir til rannsókna- og þróunarverkefna**
Styrkir til afmarkaðra rannsókna- og/eða þróunarverkefna, sem falla að markmiðum sjóðsins. Veittur er styrkur til eins árs í senn og skal í umsókn gera grein fyrir verkþáttum og fjármögnun. Hver styrkur getur numið allt að tólf milljónum króna. Hægt er að sækja um styrki til umfangsmeiri verkefna (framhaldsverkefna), sem unnin eru á lengri tíma, eða allt að þremur árum, en sækja þarf um styrk á hverju ári. Hafi verkefnið áður verið styrkt, þarf að gera grein fyrir framvindu þess áður en styrkumsókn er afgreidd.
- Smá- eða forverkefni**
Hægt er að sækja um styrki til smærri verkefna eða til að undirbúa stærri verkefni á sviði rannsókna og/eða þróunar. Styrkuppþæð getur numið allt að þremur milljónum króna og skal verkefnið unnið innan tólf mánaða.

Um alla styrki gildir að framlag sjóðsins má ekki fara fram yfir 50% af heildarkostnaði og sjóðurinn tekur ekki þátt í að styrkja fjárfestingar

Nánari upplýsingar og umsóknarblað er að finna á heimasíðu sjóðsins www.avs.is

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi starfar á vegum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis



Í málstofunni sem ber heitið „Framtíðartækni“ er fjallað um helstu drifkrafta fjórðu iðnbyltingarinnar og færð verða rök fyrir því hvernig íslenskur sjávarútvegur er virkur þátttakandi í þróun tækni sem er hluti af þessari byltingu. Þá verður farið yfir þær breytingar sem tækniþróunin orsakar á samfélag og hagkerfi sem og með hvaða hætti Ísland á að nýta sér þessa þróun til að bæta lífskjör.

Framtíðartækni



Umsjónarmaður:
Bjarni Eiríksson
Sérfræðingur í
markaðsgreiningum Marel

I bókinni Sapiens, stutt saga mannkyns er fjallað um hvernig tilvist okkar og þróun sem tegundar er að hluta til skilgreind af notkun verkfæra og þeirra vitsmuna sem við búum yfir. Líkami okkar hentar illa í einhæf störf og því höfum við lagt okkur fram að finna upp verkfæri til að létta okkur

störfin. Í gegnum mannkyns-
söguna höfum við þróað með
okkur verkfæri sem sífellt hafa
orðið öflugri. Þar hugsum við
yfirleitt um hamar sem hægt
er að sveifla í hendi eða hjólið
sem aldeilis hefur létt okkur
byrðarnar. Flestir ættu þekkingu
þá sögu en fæst okkar telja
tölvur til almennra verkfæra.
Kannski vegna þess að tölvu-
tæknin er orðin það flókin að
fæst okkar geta útskýrt virkni
þeirra í einföldu máli. Við
skilgreinum yfirleitt hugsun
sem óáþreifanlega og tæki sem
áþreifanleg í tvö aðskilin atriði.

Þess vegna er auðvelt að fara á mis við þróunina sem hefur átt sér stað meðal verkfæra sem við finnum í kringum okkur í dag. Hægt er að taka dæmi um sjálfvirkar ryksugar sem sjá um að þrifa gólfín okkar á meðan við erum í vinnunni.

Ryksugan er gædd hæfileikum frá skapara sýnum að getað tekið ákvarðanir hvernig hún vinnur verk sitt. Okkur þykir mikilvægast að gólfín séu hrein og ryksugan komist aftur til baka á hleðslustöðina sína til þess að hláða rafhlöðurnar og gera sig klára í næsta dagsverk.

Núna er tölvutæknin komin á það stig að möguleikar okkar til þess að skapa ný verkfæri sem samþætt eru vitsmunum er byltingarkennd. Tölvur muna betur en við, eru fljótari að hugsa og eru sérstaklega góðar í að vinna einhæf verkefni. Mörg tæki sem við þekkjum í dag úr okkar daglega umhverfi eru samþætt vél- og hugbúnaði. Möguleikarnir til þess að skapa ný vitsmunaleg verkfæri eru nánast óendanlegir. Þessar hugleiðingar eru í dag eyrnamerktar fjórðu iðnbyltingunni.

Staða og þróun á mikilvægustu bolfiskmörkuðum



Umsjónarmaður:
Gísli Kristjánsson
Framleiðslustjóri HB Grandi

Talsverðar breytingar hafa átt sér stað á vöruframboði bolfiskafurða frá Íslandi síðustu ár. Það eru ýmsir þættir sem valda því. Má þar nefna fjölbreyttari möguleika og aukið framboð þegar kemur að flutningum frá Íslandi, breytta neysluhegðun milli kynslóða, aukna tæknivæðingu í matvælaframleiðslu, aukna vitund

neytenda um næringargildi matvæla og umhverfisvitund og aukna upplýsingatækni. Áherslur markaða eru einnig mismunandi eftir menningu og hefðum í hverju landi. Í þessari málstofu verður fjallað um markaði í Frakklandi, Bretlandi og Bandaríkjunum. Farið verður yfir þróun á landfrystum, sjófrystum og ferskum afurðum og þær áskoranir sem fram undan eru. Rætt verður um þróun markaða með tilliti til dreifingar afurða og val á pakningum sem og skiptinguna á milli ferskra og frosinna afurða. Hvaða breytingar eru að eiga sér stað í neytendahegðun og vörusamsetningu sem íslenskir framleiðendur þurfa að taka tillit til og hvaða erlendu tegundir veita þeim íslensku mesta samkeppni?

Uppsjávarveiðar á tímum loftslagsbreytinga



Umsjónarmaður:
Daði Már Kristófersson
Forseti fræðasviðs Háskóli Íslands


Miklar og hraðar breytingar eiga sér stað í lífríki sjávarar með tilfallandi aðlögunarkostnaði fyrir sjávarútveg og íslenskt samfélag. Gildi rannsókna á uppsjávarlífríki eru óumdeilanlegar og mikilvægar

fyrir framtíð iðnaðarins og ákvörðunartöku um sjálfbæra nýtingar auðlindarinnar. Í þessari málstofu kynnir okkar fremsta vísindafólk nýjustu niðurstöður á sviði hafrannsóknna á uppsjávarlífríki: frá hafstraumum til megin uppsjávarstofna á Íslandsmiðum og í Norður Atlantshafi. Ásamt vísindafólki Hafrannsóknarstofnunar, er meðal fyrirlesara Dr Hjalmar Hátún hafeðlisfræðingur frá Færeysku Hafrannsóknastofnunni sem fer yfir stöðu mála þar í samhengi við lífríki og spár í Norður Atlantshafi. Farið verður yfir stöðu stofna og framtíðarhorfur og í lok málstofu gefst tækifæri til fyrirspurna og samtals við fyrirlesara.

Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2017

A Sjávarútvegsráðstefnunni 2017 fengu þrjár hugmyndir sérstaka viðurkenningu en þær eru:

1. The Fisheries Manager: Vilhjálmur Hallgrímsson, Fisheries Technologies ehf.
2. Ný hagkvæm ker fyrir fersk matvæli – tvíburaker: Dagur Óskarsson, Sæplast Iceland ehf.
3. Brakandi hollusta – Samspil fisks og kartafla á nýjan hátt: Rúnar Ómarsson, VAR ehf.



The Fisheries Manager
Fyrirtækið Fisheries Technologies hefur frá árinu 2012 unnið að þróun á The Fisheries Manager, sem er nýtt alhliða upplýsingakerfi fyrir fiskveiðistjórnun og byggir kerfið á áratuga fjárfestingu

og reynslu Íslendinga á þessu sviði. Með tilkomu kerfisins geta aðrar þjóðir nú tileinkað sér þekkingu og reynslu sem hefur orðið til á þessu sviði hérlandis og fyrir aðeins brot af þeirri fjárfestingu sem hingað til hefur þurft. Fisheries



Vilhjálmur Hallgrímsson, Fisheries
Technologies ehf. handhafi
Sviföldunnar 2017.

Technologies hefur þróað hugbúnað sem kallast FishTech Framework og lýsir hugbúnaðurinn hvernig árangurs-

rík fiskveiðistjórnun þ.e.a.s. gagnasöfnun, upplýsingakerfi og eftirlit, virkar. Hugbúnaðurinn lýsir innviðum fiskveiðistjórnunar og inniheldur öll upplýsingakerfi sem þarf til slíks reksturs. Að auki inniheldur hugbúnaðurinn helstu verkferla sem þörf er á innan vel útfærðar fiskveiðistjórnun sem auðveldar þekkingaryfirfærslu. Hugmyndin felst í því að gera íslenska þekkingu á fiskveiðistjórnun að útflutningsgrein. Íslendingar eru á meðal fremstu þjóða á sviði fiskveiðistjórnunar í heiminum í dag og það er því við hæfi að nýjungar á þessu sviði komi héðan.

Uppruni og umhverfismál – áhrifavaldar á kaup sjávarafurða



Umsjónarmaður:
Guðný Káradóttir
Forstöðumaður hjá Íslandsstofa

Gildismat og viðhorf neytenda er að þróa í auknum mæli í þá átt að þeir vilja vita meira um uppruna og umhverfisleg áhrif matvæla sem þeir kaupa. Þetta endurspeglast einnig í kröfum innkaupaaðila á sjávarafurðum. Í málstofunni verður fjallað um þætti sem snúa að tækifærum og leiðum til að auka sýnileika íslensks uppruna og auka aðgengi upplýsinga um sjálfbærni íslenskra afurða á okkar lykilmörkuðum.

Það eru fjölmargir áhrifaþættir á kauphegðun þegar kemur að kaupum á sjávarfangi. Þetta er líka ólíkt milli markaða. Til dæmis þar sem fiskur frá Íslandi er seldur sem saltfiskur á Spáni og í Portúgal, þá eiga innkaupin sér grunn í langri neytendahefð á þessum mörkuðum. Á öðrum mörkuðum er oft um að ræða litla hefð fyrir fiskneyslu og litla þekkingu neytenda. Víða hafa umhverfisverndarsamtök komið inn sem ráðgefandi aðili til að beita sér fyrir að fólk kaupi frekar fisk úr sjálfbærum fiskistofnum. Þau hafa lagt sig fram um að gefa út leiðbeiningar um hvaða fisk ber að varast að kaupa og höfða til



„Ef tekið er dæmi úr könnuninni í Þýskalandi, þá segja 84% svarenda að þeir myndu velja fisk á matseðli veitingastaðar ef tilgreint væri að hann væri íslenskur.“

siðferðilegra gilda sem tengjast umhverfismálum. Skv. úttekt sem Íslandsstofa hefur látið gera á upplýsingamiðlum umhverfisverndarsamtaka eru

víða ófullkomnar upplýsingar þar sem íslensku fiskstofnarnir eru ekki tilgreindir sérstaklega, heldur settir í flokk með öðrum fiskistofnum sem ekki

eru sjálfbærir. Þar með telja margir að um villandi upplýsingar sé að ræða sem hindra möguleika á að selja íslenskan fisk sem sjálfbæran.

Hvernig vinna umhverfisverndarsamtök á okkar helstu mörkuðum? Hvaða ráð gefa þau innkaupaaðilum og neytendum? Er starf þeirra til góðs fyrir íslenskan sjávarútveg?

Stór hluti neytenda á helstu mörkuðum fyrir íslenskan fisk, telja að vitneskja um uppruna fisksins hafi áhrif á val þeirra við innkaup á fiski, eða í kringum 60%. Þá kom fram í könnun sem Íslandsstofa lét gera í febrúar sl. á sex mörkuðum, í Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Danmörku, Bandaríkjunum og Kanada, að fiskurinn er það sem flestir gátu tengt við Ísland þegar spurt var um vörur, þjónustu eða vörumerki. Ef tekið er dæmi úr könnuninni í Þýskalandi, þá segja 84% svarenda að þeir myndu velja fisk á matseðli veitingastaðar ef tilgreint væri að hann væri íslenskur. En engu að síður er þekking á íslenskum vörumerkjum lítil. Stór hluti svarenda eða 76% gátu ekki nefnt neitt þegar spurt var um vörur, þjónustu og vörumerki frá Íslandi. Það er því ljóst að mikið starf er óunnið við að kynna afurðir frá landinu, en ímynd landsins er jákvæð skv. þessari könnun.

En hvaða áhrif hefur uppruninn í raun á innkaup? Er hægt að fá herra verð þegar íslenskur uppruni er tilgreindur sérstaklega? Eru sérstakar verslanir og veitingastaðir úti á mörkuðunum eða vefverslanir það sem gefur okkur tækifæri til að auka verðmæti og skapa aukna hollustu í innkaupum?

Markaðssetning og vörumerkið Ísland



Umsjónarmaður:
Bjarni Eiríksson
Sérfræðingur í markaðsgreiningum Marel

Lífið var saltfiskur á árum áður þegar við Íslendingar byggðum upp skútu- og síðar vélbáta útgerðir hringinn um landið. Þegar skipin og veiðarfærin urðu stærri stunduðum við ólympískar veiðar á öllum þeim fiski sem við náðum

í. Skipstjórnarnir voru alvöru karlar sem töluðu og heilsuðu að sjómannasið. Sumir töldust til aflakóna og aðrir höfðu mestan áhuga á að landa met afla í vikulok svo að áhöfnin næði almennilegu balli í plássinu um helgina. Þegar ljósin voru kveikt í vinnslunum og fólk mætti til vinnu var hráefnið enn ásættanlegt ef kalt hafði verið í veðri. En slíkt skipti ekki öllu málið því hér bjuggu fallegustu konurnar, hér var ferskasta vatnið og við strákarnir vonuðumst til að vera jafn sterkir og Jón Páll. Síðast en ekki síst, þá var íslenski fiskurinn sá besti í öllum heiminu. Vissu það ekki allir annars? Lýsingin hér að ofan lýsir framboðsdrifnum sjávarútvegi. Við byrjum á að veiða fisk

og svo sjáum við til hvort við náum ekki örugglega að selja hann. En hér hefur margt breyst á undanförunum áratugum. Við höfum sett í lög það markmið að hámarka virði sjávarauðlinda. Sem dæmi er upphaf kvótaárs í byrjun september svo að útgerðir séu ekki að keppast við aflahærri frændur okkar í Norgei sem enn fara á vertíð í byrjun hvers árs. Við höfum einnig markvisst bætt gæði og stýtt tímann sem tekur að koma ferskum fiski á markað. Íslenskur fiskur er einnig í hópi fárra fisktegunda sem er flogið á markað. Svo mikið er lagt á sig við að uppfylla þarfir neytenda sem óska eftir ferskum gæðafiski. Við höfum innleitt hátækni og rekjanleika. Söludeildir sjávar-

útvegsfyrirtækja hafa staðið sig afbragðs vel. Sérstaklega þegar litið er til skjótra breytinga á mörkuðum þar sem Bretar vilja eitt og Rússar vilja annað. En það var eitt sem við lögðum okkur fram við að gera á árum áður. Það var að stunda skipulagt markaðsstarf á erlendum mörkuðum. En slíkt samstarfsverkefni lagðist niður með sölusamtökunum og við höfum síðan þá horft til áður nefndra frænda okkar stunda skipulagt og öflugt markaðsstarf. Þar mætti rifja upp að Norðmenn eru nú að uppskera ríkulega eftir að hafa tekist að fá Japani til þess að samþykkja eldislax sem hráefni í sushi. Eitt-hvað sem nánast þekktist ekki áður í Japan. Á sama tíma höfum við byggt upp sterk sölutengsl

víða um heim. En ólíkt mörgum öðrum þjóðum höfum við ekki stundað skipulagt markaðsstarf á sviði sjávarafurða. Er markaðssetning peningaeýðsla eða er til einhvers að vinna? Gætu slík verkefni borgað sig á endanum? Hvað eru viðskiptavinir okkar að óska eftir? Er hægt að byggja upp markaðsdrifin sjávarútveg án þess að stunda markaðssetningu? Í málstofunni „Markaðssetning og vörumerkið Ísland“ verður fjallað um hvernig skipulagt markaðsstarf getur stutt við verðmætasköpun á íslenskum sjávarafurðum. Einnig verða kynntar áherslur söluaðila á erlendum mörkuðum og hvernig nútíma markaðssetningu er háttað.



TM

NÝSKÖPUN Í SJÁVAR- ÚTVEGI MEÐ TM

Saga TM er samofin sögu sjávarútvegs á Íslandi. Við erum stolt af því að hafa komið að uppbyggingu og viðhaldi öflugrar útgerðar og nýsköpunar á Íslandi frá stofnun félagsins.

TM er í dag leiðandi á sviði váttryggingaþjónustu fyrir sjávarútveginn og hefur sérhæft sig í lausnum sem tryggja hagsmuni atvinnugreinarinnar jafnt á sjó sem landi.